

REGLUR **Ekki í gildi** um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglur þessar gilda um eftirtalda aðila:

1. Fjármálafyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt 1.-3. og 5.-7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, þ.e. viðskiptabanka, sparisjóði, lána-fyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir og rekstrarfélög verðbréfasjóða.
2. Samstæður þar sem móðurfyrirtæki er eitthvert þeirra fyrirtækja sem nefnt er í 1. tölul.

Þeir aðilar sem taldir eru upp í 1. mgr. þessarar greinar nefnast fjármálafyrirtæki í eftirfarandi greinum.

2. gr.

Í þessum reglum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Ahættuskuldbinding/-krafta (e. exposure): Notað um eignaliði og liði utan efnahags.

Baktryggð staða (e. hedged position): Staða í fjármálagerningum sem fjármálafyrirtækið hefur tekið til að tryggja sig gegn markaðsáhættu eigna- og skuldaliða eða stöðu í afleiðum.

Binditímaaðferð (e. maturity based method): Aðferð til að reikna vaxtaáhættu fjármála-fyrirtækis sem tekur mið af binditíma þeirra markaðsskuldbréfa sem eru í *veltubók* fjármála-fyrirtækis. Binditími í þessu samhengi er binditími vaxtaþrósentu og telst hann vera sá sami og eftirstöðvatími bréfsins þegar um er að ræða skuldbréf með föstum vöxtum. Ef um er að ræða ákvæði í skuldbréfi um að vextir geti tekið breytingum fyrir lokagjalddaga þá skal miða við þann tíma sem er til þess dags að vextir verða ákvarðaðir að nýju. Sjá einnig *rauntíma-aðferð*.

Birgðafjármögnun: Stöður þar sem áþreifanlegar birgðir hafa verið seldar framvirkt og kostnaður við fjármögnunina hefur verið frystur fram að dagsetningu framvirku sölunnar.

Breytanlegt verðbréf (e. convertible security): Verðbréf sem að vali eiganda er hægt að skipta fyrir annað verðbréf, oftast hlutabréf útgefanda.

Delta stuðull valréttarsamnings: Með delta stuðli *valréttarsamnings* er átt við áætlaða breytingu á virði valréttarsamnings sem hlutfall af minniháttar verðbreytingum á þeim undir-liggjandi fjármálagerningum sem liggja til grundvallar valréttarsamningnum. Delta stuðull segir til um líkindi þess að valréttarsamningur hafi verðgildi á innlausnardegi.

Deltavirði valréttaramninga: Deltavirði valréttarsamnings jafngildir fjárhæð undirliggjandi fjármálagernings sem *kaupréttur* vísar til, margfaldað með *delta stuðli* valréttar-samningsins.

Eftirlitsstjórnvöld (e. competent authorities). Þau stjórnvöld í hverju ríki sem hafa eftirlit með fjármálafyrirtækjum.

Eftirstöðvatími: Með eftirstöðvatíma er átt við þann tíma sem eftir er til gjalddaga skuldaskjals.

Fjárhæð áhættuskuldbindingar (e. exposure value). Sjá *áhættuskuldbinding*.

Fjármálagerningur:

- a. Verðbréf, þ.e. hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignaréttindum að öðru en fasteign eða

einstökum lausaffármunum, svo sem hlutabréf, skuldabréf, áskriftarréttindi, skiptanleg verðbréf og breytanleg verðbréf.

- b. Afleiða, þ.e. samningur þar sem uppgjörsákvæði byggist á breytingu einhvers þáttar á tilteknu tímabili, svo sem vaxta, gengis gjaldmiðla, verðbréfavæðs, verðbréfavísitölu eða hrávöruverðs. Með afleiðu er m.a. átt við:
 - i. *framvirkan óframseljanlegan fjármálagerning*, þ.e. samning sem kveður á um skyldu samningsaðila til að kaupa eða selja tiltekna eign fyrir ákveðið verð á fyrirfram ákveðnum tíma,
 - ii. *fram tíðarsamning*, þ.e. staðlaðan og framseljanlegan samning sem kveður á um skyldu samningsaðila til að kaupa eða selja tiltekna eign fyrir ákveðið verð á fyrirfram ákveðnum tíma,
 - iii. *skiptasamning*, þ.e. samning sem kveður á um að hvor samningsaðila greiði hinum fjárhæð sem tekur mið af breytingum á hvoru viðmiðinu fyrir sig á samningstímanum,
 - iv. *valréttarsamning*, þ.e. samning sem veitir öðrum samningsaðila, kaupanda, rétt en ekki skyldu til að kaupa (kaupréttur) eða selja (söluréttur) tiltekna eign (andlag samnings) á fyrirfram ákveðnu verði (valréttargengi) á tilteknu tímamarki (lokadagur) eða innan tiltekinnna tímamarka (gildistími valréttar). Sem endurgjald fyrir þennan rétt fær hinn samningsaðilinn, útgefandinn, ákveðið gjald sem segir til um markaðsvirði valréttarins við upphaf samningstímans.
- c. Hlutdeildarskírteini.
- d. Peningamarkaðsskjal.
- e. Framseljanleg veðréttindi í fasteignum og lausafé.

Fjármögnuð útlánavörn (e. funded credit protection): Aðferð við mildun útlánaáhættu þar sem lánastofnun tekur eignir, efnislegar eða peningalegar, til tryggingar ef til vanefnda lántakanda kemur. Sjá einnig *ófjármögnuð útlánavörn*.

Framvirk viðskipti (e. forward transactions): Viðskipti sem gerð eru upp þremur virkum dögum eftir upphafsdag þeirra eða síðar. Sjá einnig *núviðskipti*.

Framvirkur vaxtasamningur (e. FRA - forward rate agreement): Samningur sem kveður á um vaxtaviðmiðun yfir ákveðið tímabil og reiknast vextir af fyrirfram ákveðinni *grundvallarfjárhæð*, sem ekki kemur til greiðslu á. Samningurinn er gerður upp í lok samningstímans á fyrirfram ákveðnum uppgjörsdegi.

Fyrirtæki tengt fjármálasviði: Fyrirtæki sem ekki er lánastofnun og starfar einkum að öflun eignarhluta eða stundar einhverja eða alla þá starfsemi sem um getur í 2.-12. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Gjaldmiðlaskiptasamningur (e. currency swap): Samningur sem kveður á um að samningsaðilar skipti á höfuðstólum tveggja mynta á ákveðnu gengi í framtíðinni. Skipst er á höfuðstól í lokin, en oft einnig í upphafi samnings.

Gnóttstaða (e. long position): Staða í fjármálaskjöllum sem gefur eða getur í framtíðinni gefið fjármálafyrirtæki rétt eða skyldað það til að taka á móti greiðslu í peningum, verðbréfum eða öðrum eignum. *Sölu- og kaupréttur* telst vera hluti af gnóttstöðu. Sjá einnig *skortstaða*.

Grundvallarfjárhæð afleiðusamnings (e. notional principal/ notional position): Sú fjárhæð, það verðbréf eða sú ímyndaða staða sem lögd er til grundvallar í *afleiðusamningi*.

Grunnvaxtaskiptasamningur (e. basis interest rate swap): Sjá vaxtaskiptasamningur.

Hlutabréf: Eignarhlutur í hlutafélagi. Í skilningi þessara reglna skal ennfremur telja til hlutabréfa þann hluta *afleiðusamninga* í *veltubók* fjármálafyrirtækis sem tengdur er hlutabréfum, gengi hlutabréfa eða þróun hlutabréfavísitölu.

Hrein gjaldeyrisstaða fjármálafyrirtækis (e. an institution's overall net foreign exchange position): Hærri fjárhæðin af tveimur, samanlögð *opin gjaldeyrisstaða* í þeim gjaldmiðlum þar sem um nettó gnóttstöðu er að ræða eða samanlögð *opin gjaldeyrisstaða* þeirra gjaldmiðla þar sem um nettó skortstöðu er að ræða.

Kaupréttur (e. call option): Réttur til að kaupa vöru, verðbréf eða gjaldeyri á fyrirfram ákveðnu verði, annaðhvort á ákveðnum degi eða fyrir ákveðinn dag. Slíkur samningur er bindandi fyrir þann sem selur slíkan samning en kaupandi getur valið hvort hann nýtir sér réttinn eða ekki. Sjá einnig *valréttur og söluréttur*.

Lag eignasafns vegna verðbréfunar (e. tranche): Samningsbundinn hluti lánaáhættu tengdur kröfu eða kröfusafni þar sem staða í einu lagi leiðir af sér lánaáhættu sem er meiri eða minni en staða í öðrum lögum safnsins sömu fjárhæðar.

Lánastofnun: Fyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 1.-4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Lánaafleiður (e. credit derivatives): Afleiðusamningar þar sem uppgjör/greiðsla er háð lánstrausti lántakanda, t.d. CDS.

Liðir utan veltubókar (e. banking book): Allir þeir liðir innan og utan efnahagsreiknings fjármálafyrirtækis sem ekki teljast til veltubókar.

Líkur á vanefndum (e. probability of default, PD): Líkur á vanefndum mótaðila yfir eins árs tímabil.

Markaðsáhætta (e. market risk): Áhætta fjármálafyrirtækis á fjárhagslegu tapi vegna liða innan og utan efnahagsreiknings vegna breytinga á markaðsvirði þessara liða, þar á meðal breytingar á vöxtum, gengi gjaldmiðla eða virði hlutabréfa.

Markaðsverðbréf: Framseljanlegt verðbréf (skuldabréf, hlutabréf eða hlutdeildarskírteini) sem boðið er einstaklingum og/eða lögaðilum til kaups með útboði þar sem öll helstu einkenni bréfa í hverjum flokki eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslu-, vaxta- og uppsagnarákvæði eftir því sem við á.

Móðurfyrirtæki: Fyrirtæki skilgreint í 1. mgr. 97. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Mótaðilaáhætta (e. counterparty risk): Sú hættu sem er á því að gagnaðili fjármálasamnings uppfylli ekki ákvæði hans. Ein tegund mótaðilaáhættu er afhendingaráhætta en það er sú áhætta að mótaðili afhendi ekki verðbréf í samræmi við ákvæði fjármálasamnings. Önnur tegund mótaðilaáhættu er uppgjöráhætta en það er sú áhætta að mótaðili t.d. afleiðusamnings standi ekki við samninginn á uppgjörsgangi. Þriðja tegund mótaðilaáhættu er útlánaáhætta. Sjá einnig *útlánaígildi*.

Mildun/lækkun útlánaáhættu (e. credit risk mitigation): Aðferðir sem fjármálafyrirtæki nota til að draga úr þeim áhættum sem tengjast áhættuskuldbindingum.

Nettóstaða: Með nettóstöðu verðbréfa er átt við mismuninn milli gnóttstöðu og skortstöðu í samskonar verðbréfum.

Nústaða (e. spot position): Staða í fjármálaskjölum sem gerð verður upp eigi síðar en tveimur virkum dögum frá viðmiðunardegi.

Núviðskipti (e. spot transaction): Viðskipti sem gerð eru upp eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir upphafsdeg þeirra. Sjá einnig *framvirk viðskipti*.

Opinber aðili: Ríki eða sveitarfélag á Íslandi eða samsvarandi aðili í öðrum löndum.

Opinber fyrirtæki og stofnanir: Með opinberum fyrirtækjum og stofnunum í reglum þessum er átt við fyrirtæki og stofnanir sem eru að öllu leyti í eigu ríkis eða sveitarfélaga eða samsvarandi stjórnvalda í öðrum löndum eða eru undir stjórn áður nefndra aðila og eru ekki rekin í samkeppni (*e. non-commercial*). Fjármálaeftirlitið birtir lista á heimasíðu sinni yfir þau fyrirtæki sem þessi skilgreining á við um hverju sinni.

Opinbert viðmiðunargengi: Opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands eins og það er skráð á uppgjörstæði.

Opin gjaldeyrisstaða í gjaldmiðli (e. net open position in a currency): Mismunur gnóttstöðu og skortstöðu í viðkomandi gjaldmiðli. Sjá einnig *hrein gjaldeyrisstaða*.

Ófjármögnuð útlánavörn (e. unfunded credit protection): Aðferð til mildunar útlánaáhættu þar sem þriðji aðili veitir ábyrgð ef til vanefnda lántakanda kemur, t.d. ábyrgðarmaður láns eða CDS. Sjá einnig *fjármögnuð útlánavörn*.

Rauntímaaðferð (e. duration based method): Aðferð til að reikna út vaxtaáhættu fjármálafyrirtækis. Aðferðin tekur mið af reiknuðum rauntíma skuldabréfs/fjármálasamnings, í stað afborgunartíma. Rauntími skuldabréfs er veginn meðal afborgunartími þess og er þá tekið tillit til allra greiðslna af skuldabréfinu, bæði vaxta og afborgana, eftir að þær hafa verið núvirtar með reiknaðri ávöxtun skuldabréfsins. Hin reiknaða ávöxtun skuldabréfsins skal taka mið af markaðsvirði bréfsins á uppgjörstæði. Leiðréttur rauntími *skuldabréfs (e. modified duration)* er reiknaður rauntími skuldabréfsins deilt með einum plús hin reiknaða ávöxtunarkrafa. Sjá einnig *binditímaaðferð*.

Raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti: Sölu- og endurkaupaviðskipti þar sem afsalshafi hefur skuldbundið sig til að skila eignunum aftur. Sjá einnig *sala með endurkauparétti*.

Rekstraráhætta (e. operational risk): Hætta á tapi sem stafar af ófullnægjandi innri ferlum, fólki og kerfum, eða af ytri atburðum þ.m.t. lögfræðileg áhætta (*e. legal risk*).

Sala með endurkauparétti: Sölu- og endurkaupaviðskipti þar sem afsalshafi á rétt á en hefur ekki skuldbundið sig til að skila eignunum aftur. Sjá einnig *raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti*.

Samningsbundin skuldajöfnun (e. contractual netting): Samningur milli tveggja eða fleiri aðila sem eiga eina eða fleiri kröfur hver á annan um að í stað þess að gera upp hverja kröfu sérstaklega, skuli láta kröfurnar jafnast hverja á móti annarri og aðeins nettómismunur (*jaðargreiðsla*) komi til uppgjörs og greiðslu.

Samstæða, samstæðufyrirtæki: Móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki þess.

Skipulegur verðbréfamarkaður: Markaður með verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Skortstaða (e. short position): Staða í fjármálaskjölum sem skyldar eða getur í framtíðinni skyldað fjármálafyrirtækið, eða gefið því rétt, til að láta af hendi greiðslu í peningum, verðbréfum eða öðrum eignum. *Sölu- og kaupréttur* sem fjármálafyrirtækið á eða hefur gert samning um telst vera hluti af skortstöðu. Sjá einnig *gnóttstaða og nettóstaða*.

Skortsala (e. short sale): Sala á verðbréfum eða öðrum eignum sem ekki eru í eigu seljanda á þeim tíma þegar salan fer fram.

Skráð verðbréf: Verðbréf sem hefur verið skráð á *skipulegum verðbréfamarkaði*. Sjá einnig *skipulegur verðbréfamarkaður*.

Skuldaskjal (e. debt instruments): Fjármálagerningur sem felur í sér loforð um greiðslu.

Sprotta- og framtaksfjárfestingar (e. venture capital and private equity instruments): Fjárfestingar sem einkennast af því að fjárfest er með beinum eða óbeinum hætti í óskráðum, einkareknum fyrirtækjum með það að markmiði að auka virði þeirra, venjulega á 3-10 árum, með endursölu í huga að þeim tíma loknum. Framtaksfjárfestingar eru almennt flokkaðar sem óhefðbundnar fjárfestingar (*e. alternative investments*). Framtaksfjárfestingum er venjulega skipt í þrjá megin undirflokkka, sprottafjárfestingar, útkaup (*e. buyouts*) og sérstakar aðstæður (*e. special situations*). Framtaksfjárfestingar fjárfesta í fyrirtækjum á öllum vaxtarskeiðum, allt frá fjárfestingum í hugmyndum frumkvöðla upp í kaup á stórum fyrirtækjum sem náð hafa sterkri markaðsstöðu.

Staðlaður framvirkur samningur (e. futures contract/interest rate future): Staðlaður afleiðusamningur sem verslað er með á skipulögðum markaði, er tryggður og sem gefur handhafa rétt til að kaupa eða selja tiltekinn fjármálagerning á fyrirfram ákveðnum degi og á fyrirfram ákveðnu verði. Breyting á markaðsvirði samnings er gerð upp á hverjum degi og/eða samningur tryggður á annan hátt af *skipulegum verðbréfamarkaði*, viðskiptavaka eða greiðslujöfnunarstöð.

Stór áhættuskuldbinding: Áhættuskuldbindingar sem reglur Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármála fyrirtækjum ná til.

Stöðuáhætta (e. position risk): Hætta sem tengd er stöðu fjármála fyrirtækis í tilteknum fjármálagerningi og sem er tilkomin vegna hugsanlegra breytinga á verði viðkomandi gernings. Með sérstakri stöðuáhættu er átt við hættu á breytingum á verði gerningsins, vegna aðstæðna sem tengjast útgefanda þess, eða útgefanda grundvallargernings þegar um er að ræða afleiðusamning. Með almennri stöðuáhættu er átt við hættu á breytingum á verði fjármálagernings, vegna aðstæðna sem eru óháðar útgefanda þess, eða útgefanda grundvallargernings þegar um afleiðusamning er að ræða.

Sölu- og endurkaupaviðskipti: Viðskipti sem fela í sér framsal fyrirtækis eða viðskiptavinar (framseljanda) til annars fyrirtækis eða viðskiptavinar (afsalshafa) á eignum, t.d. vixlum, skuldabréfum eða öðrum framseljanlegum verðbréfum, með samningi um að sömu eignir verði síðar framseldar aftur til framseljanda á tilteknu verði. Sjá einnig *raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti og sala með endurkauparétti*.

Söluréttur (e. put option): Réttur til að selja vöru, verðbréf eða gjaldeyri á fyrirfram ákveðnu verði, annaðhvort á ákveðnum degi eða fyrir ákveðinn dag. Slíkur samningur er bindandi fyrir þann sem selur slíkan samning en kaupandi getur valið hvort hann nýtir sér réttinn eða ekki. Sjá einnig *valréttur og kaupréttur*.

Tap að gefnum vanefndum (e. loss given default, LGD): Hlutfall taps vegna vanefnda mótaðila af útistandandi heildarfjárhæð þegar vanefndir verða.

Útlánaígildi (e. credit equivalent): Liðir utan efnahagsreiknings sem reiknaðir hafa verið til ígildis útlána. *Mótaðilaáhætta* fjármála fyrirtækis vegna liða utan efnahagsreiknings er reiknað af útlánaígildi þessara liða.

Valréttur/valréttarsamningur (e. option): Kaupréttur eða söluréttur.

Vaxta- og gjaldmiðlasamningur (e. cross currency swap) Samningur sem kveður á um bæði vaxta- og gjaldmiðlaskipti, þ.e. að samningsaðilar skiptist á höfuðstól tveggja mynta á ákveðnu gengi í framtíðinni ásamt vaxtagreiðslum yfir ákveðið tímabil. Skipst er á höfuðstól í lokin, en einnig oft í upphafi samnings.

Vaxtaskiptasamningur (e. interest rate swap/single currency swap): Samningur sem kveður á um að samningsaðilar skiptist á vaxtagreiðslum m.t.t. þróunar vaxta í tilteknum gjaldmiðli. Ekki er skipst á *grundvallarfjárhæðinni*, heldur aðeins á vaxtamuninum sem reiknaður er af grundvallarfjárhæð samningsins. Til eru þrjár megintegundir vaxtaskiptasamninga þ.e.

- samningur sem byggir á mismun á þróun breytilegra vaxta í einum gjaldmiðli, t.d. mismun á þróun ríkisvixlavaxta og millibankavaxta (*e. basis interest rate swap*).
- samningur sem byggir á mismun fastra vaxta og þróun breytilegra vaxta í einum gjaldmiðli,
- *vaxtaskiptasamningur milli gjaldmiðla*.

Vaxtaskiptasamningur milli gjaldmiðla (e. cross currency interest rate swap): Vaxtaskiptasamningur sem kveður á um að samningsaðilar skiptist á vaxtagreiðslum m.t.t. þróunar vaxta sem eru í a.m.k. tveimur mismunandi gjaldmiðlum. Ekki er skipst á *grundvallar-*

fjárhæðinni, heldur aðeins á vaxtamuninum sem reiknaður er af grundvallarfjárhæð samningsins.

Verðbréfa- eða hrávörulánveiting og verðbréfa- eða hrávörulántaka. (e. securities or commodities lending/securities or commodities borrowing): Öll viðskipti sem felast í því að fyrirtæki eða mótaðili þess framselur verðbréf eða hrávörusamninga gegn hæfilegri tryggingu með því skilyrði að lántakandinn skili aftur jafngildum verðbréfum eða hrávörusamningum síðar eða þegar framseljandi krefst þess. Um er að ræða verðbréfa- eða hrávörulánveitingu fyrir fyrirtækið sem framselur verðbréfin eða hrávörusamningana og verðbréfa- eða hrávörulántöku fyrir fyrirtækið sem verðbréfin eða hrávörusamningarnir eru framseld til.

Verðbréfun (e. securitisation): Viðskiptasamningur eða kerfisfyrirkomulag þar sem lánaáhætta tengd ákveðinni kröfu eða kröfusafni er lagskipt í hluta (*e. tranches*) með eftirfarandi hætti:

1. greiðslur samkvæmt viðskiptasamningnum eða kerfisfyrirkomulagsins eru háðar afkomunni af kröfunni eða kröfusafninu, og
2. forgangsröðun laganna (*e. tranches*) ákvarðar dreifingu taps á líftíma viðskiptasamningsins eða kerfisfyrirkomulagsins (*e. the subordination of tranches*).

Viðskiptahúsnæði (e. commercial real estate): Með viðskiptahúsnæði er átt við verslunar- og skrifstofuhúsnæði og annað þjónustuhúsnæði sem auðvelt er að breyta notkun á.

Vænt tap (e. expected loss, EL) við mat á útlánaáhættu: Hlutfall þeirrar fjárhæðar sem vænta má að tapist yfir eins árs tímabil vegna hugsanlegra vanefnda mótaðila af útistandandi heildarfjárhæð þegar vanefndir verða.

Þynningaráhætta (e. dilution risk): Hætta á að áhættukrafa rýrni vegna annarra áhættukrafna á hendur lántakanda (*e. means the risk that an amount receivable is reduced through cash or non-cash credits to the obligor*). Þynningaráhætta telst hluti af útlánaáhættu.

II. KAFLI

Skýrsluskil.

3. gr.

Verðbréfafyrirtæki skulu mánaðarlega senda eiginfjárskýrslu til Fjármálaeftirlitsins og önnur fjármálafyrirtæki ársfjórðungslega. Fjármálafyrirtæki, önnur en verðbréfafyrirtæki, sem ekki reikna áhættugrunn vegna veltubókarliða, sbr. ákvæði 6. gr., skulu þó senda hálfárslega skýrslu til Fjármálaeftirlitsins. Ákvæði um skýrslugerð fjármálafyrirtækis sjaldnar en ársfjórðungslega á ekki við ef eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækis er lægra en 12% í upphafi árs. Við sérstakar aðstæður getur Fjármálaeftirlitið heimilað að skil á eiginfjárskýrslum séu einungis árlega, miðað við lok hvers árs.

Mánaðarlegar skýrslur verðbréfafyrirtækja skv. 1. mgr. skulu hafa borist Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 15 dögum frá uppgjörstegi. Skýrslur annarra fjármálafyrirtækja skulu hafa borist Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 30 dögum frá uppgjörstegi.

III. KAFLI

Eiginfjárkrafa.

4. gr.

Eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækis skal ávallt að lágmarki vera samtala eftirtalinna liða:

1. Vegna útlána- og þynningaráhættu fyrir alla starfsemi fjármálafyrirtækisins, að undanskildum veltubókarliðum og torseljanlegum eignum ef þær eru dregnar frá eiginfjárgrunni, skal vera 8% af áhættuvegnum áhættuskuldbindingafjárhæðum reiknuðum samkvæmt aðferðum í V. kafla (Staðalaðferð) og VI. kafla (Innramatsaðferð).

2. Vegna liða í veltubók, vegna stöðuáhættu, uppgjörshættu og mótaðilaáhættu skal fjárhæðin metin í samræmi við ákvæði IV. kafla og vegna umframáhættu stórra áhættuskuldbindinga í samræmi við ákvæði X. kafla.
3. Vegna gjaldeyrisáhættu liða í erlendum gjaldmiðli og vegna hrávöru og liða sem eru tengdir erlendum gjaldmiðli og hrávöru, óháð því hvort um er að ræða liði innan eða utan veltubókar, skal eiginfjárfrafan metin í samræmi við viðauka III og IV skv. 55. gr. B.
4. Vegna rekstraráhættu skal eiginfjárfrafan metin í samræmi við ákvæði IX. kafla.

Viðbótareiginfjárkröfu samkvæmt sérstakri ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, sbr. 1. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki skal meta sérstaklega.

Fjármálafyrirtæki skulu nota staðalaðferð eða innramatsaðferð, en sækja þarf um sérstakt leyfi Fjármálaeftirlitsins til að nota innramatsaðferð við mat á eiginfjárkröfu sbr. 1. mgr. 1. tl.

Fjármálafyrirtækjum er heimilt að fengnu sérstöku samþykki Fjármálaeftirlitsins að miða útreikning sinn á gjaldeyrisstöðu við núvirði eigna- og skuldaliða og liða utan efnahagsreiknings. Með núvirði í þessu samhengi er átt við heildarvirði allra út- og inngreiðslna í framtíðinni sem núvirtar hafa verið með hliðsjón af gildandi markaðsvöxtum.

IV. KAFLI

Veltubókarliðir.

5. gr.

Til veltubókar fjármálafyrirtækis skal telja allar stöður í fjármálagerningum og hrávörum sem það hefur eignast eða heldur eftir með endursölu í huga eða til að baktryggja/verja aðra liði í veltubók sem ekki hafa kvaðaákvæði varðandi seljanleika og hægt er að baktryggja/verja.

Veltubókarliðir eru stöður fyrirtækis í fjármálagerningum og hrávörum sem haldið er í því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsvirði þeirra eða öðrum verð- eða vaxtabreytingum þ.m.t. stöður vegna eigin viðskipta, þjónustu við viðskiptavinum og viðskiptavaktar.

Söluásetning skal byggja á áætlunum, stefnu og verklagsreglum sem fyrirtækið setur til að halda utan um stöðuna eða eignasafnið í samræmi við A hluta viðauka VII skv. 55. gr. B.

Fyrirtæki skal koma á fót og viðhalda kerfum og stjórnækjum til að halda utan um veltubókina í samræmi við B og D hluta í ofangreindum viðauka VII. Allar stöður í veltubók skulu metnar með tilliti til varfærnisreglna sem tilgreindar eru í B hluta ofangreinds viðauka VII. Samkvæmt reglunum ber fjármálafyrirtækjum að tryggja að það mat sem þau leggja á allar stöður í veltubók endurspegli markaðsvirðið á viðeigandi hátt. Matið skal byggt á viðeigandi vissu með tilliti til breytileika veltubókarstaðna, kröfum um varfærni og traust auk starfsaðferða og eiginfjárkröfu vegna veltubókarliða. Endurmeta ber stöður í veltubók daglega. Ef markaðsverð er ekki tiltækt getur Fjármálaeftirlitið heimilað fjármálafyrirtækjum að nota aðrar matsaðferðir með því skilyrði að þær séu nægilega varfærnislegar og viðurkenndar af Fjármálaeftirlitinu.

Telja má innri baktryggingu/vörn til veltubókar en þá skal fara eftir C hluta í ofangreindum viðauka VII.

Ákvæði 4. mgr. 21. gr. eiga við um mat á áhættuvog sértryggðra skuldabréfa í veltubók.

6. gr.

Eiginfjárkröfu vegna liða í veltubók skal reikna samkvæmt viðauka I skv. 55. gr. B vegna stöðuáhættu, samkvæmt viðauka II sömu greinar vegna uppgjörshættu og mótaðilaáhættu og eftir

Því sem við á með eigin líkönum samkvæmt viðauka V sömu greinar enda hafi Fjármálaeftirlitið veitt heimild til þess.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þeim fyrirtækjum þar sem veltubók viðkomandi fyrirtækis fer ekki yfir viðmiðunarmörk skv. 3. mgr., heimilt að reikna út eigið fé í samræmi við ákvæði III. kafla fyrir eignir sem annars væru taldar sem hluti veltubókar fyrirtækisins. Eftir sem áður skulu þessi fyrirtæki reikna út eiginfjárkröfu vegna gengisáhættu samkvæmt ákvæðum í viðauka III skv. 53. gr. B.

Viðmiðunarmörk fyrir undanþágu frá ákvæðum í viðauka I-II og IV-VI skv. 55. gr. B um mat á áhættuvegnum skuldbindingum vegna liða í veltubók eru eftirfarandi:

1. Veltubókarstaða fyrirtækis er að jafnaði ekki umfram 5% af heildarstöðu fyrirtækisins og fer að jafnaði ekki yfir 15 milljónir evra miðað við opinbert viðmiðunargengi evru eins og það er á hverjum tíma (nú u.þ.b. 1.350 milljónir króna).
2. Veltubókarstaða fyrirtækis er aldrei yfir 6% af heildarstöðu fyrirtækisins og fer aldrei yfir 20 milljónir evra miðað við opinbert viðmiðunargengi evru eins og það er á hverjum tíma (nú u.þ.b. 1.800 milljóna króna).

Heildarstaða er samtala veltubókarstöðu og stöðu liða utan veltubókar. Við útreikning á heildarstöðu skal meta skuldaskjöl á markaðsvirði eða upprunalegu kaupverði, hlutabréf á markaðsvirði og afleiðusamninga skal meta miðað við markaðsvirði eða upprunalegt virði undirliggjandi fjármálagerninga. Við útreikning á veltubókarstöðu skal leggja saman gnóttstöður og skortstöður óháð formerkjum.

Fari fjármálafyrirtæki út fyrir önnur eða bæði þau viðmiðunarmörk sem tilgreind eru í 1. og 2. tl. 2. mgr. í lengri tíma ber að meta veltubókarliði í samræmi við 1. mgr. 6. gr. og tilkynna það Fjármálaeftirlitinu.

V. KAFLI Staðalaðferð.

7. gr.

Mat og matsfyrirtæki.

Miða skal virði áhættuskuldbindingar við bókfært verð, nema annað sé tilgreint í þessum kafla. Vega skal sérhverja fjárhæð áhættuskuldbindingar með því að margfalda hana með áhættuvog sem ákvörðuð er eftir ákvæðum þessa kafla með hliðsjón af tegund áhættuskuldbindingarinnar sbr. 10. gr.

Áhættuvog má ákvarða út frá lánshæfismati frá matsfyrirtækjum sem Fjármálaeftirlitið viðurkennir í því skyni enda er matið talið óhlutdrægt, óháð, trúverðugt, gegnsætt og undir stöðugri endurskoðun. Við viðurkenningu matsfyrirtækja skal styðjast við 2. hluta viðauka VI skv. 55. gr. A. Hafi eftirlitsstjórnvöld aðildarríkis EES viðurkennt matsfyrirtæki, getur Fjármálaeftirlitið viðurkennt það án frekari ráðstafana. Matsfyrirtæki þurfa að fá viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins fyrir ósamningsbundnu mati (*e. unsolicited ratings*). Fjármálaeftirlitið birtir lista yfir viðurkennd matsfyrirtæki á heimasíðu sinni. Þar kemur jafnframt fram hvort Fjármálaeftirlitið viðurkenni bæði samningsbundið (*e. solicited*) og ósamningsbundið mat matsfyrirtækjanna.

Sérhver lánshæfiseinkunn á sér samsvörum í þrepi útlánagæða sem Fjármálaeftirlitið auglýsir. Þrep útlánagæða samsvara síðan áhættuvogum eins og nánar er kveðið á um í ákvæðum um einstakar tegundir áhættuskuldbindinga skv. 11.-25. gr. Hafi eftirlitsstjórnvöld aðildarríkis EES tekið ákvörðun um hvaða þrep útlánagæða beri að nota getur Fjármálaeftirlitið notað þessi sömu þrep án frekari ráðstafana.

Fjármálafyrirtæki sem kys að nota lánshæfismat tiltekins matsfyrirtækis við ákvörðun á áhættuvog fyrir einhverja tegund áhættuskuldbindinga skal nota það fyrir allar áhættuskuld-

bindingar af þeirri tegund. Ef fjármálafyrirtæki kýs að nota lánsþæfiseinkunnir frá tveimur matsfyrirtækjum skal nota þá sem gefur hærri áhættuvog á hverja áhættuskuldbindingu um sig. Ef notaðar eru lánsþæfiseinkunnir frá fleiri en tveimur matsfyrirtækjum skal nota þá sem gefur næstlægstu áhættuvog. Ef tvær lægstu áhættuvogirnar eru samhljóða er sú áhættuvog notuð. Sjá nánar í 3. hluta viðauka VI skv. 55. gr. A.

Reikna skal fjárhæð áhættuskuldbindinga utan efnahags skv. 8. gr. fyrir þá liði sem þar eru taldir upp.

Afleiður sem tilgreindar eru í 9. gr. skal meta eins og þar er lýst.

Fjárhæð áhættuskuldbindingar má endurmeta með hliðsjón af tryggingum og ábyrgðum skv. VII. kafla.

Verðbréfaðar stöður skal meta skv. VIII. kafla.

8. gr.

Liðir utan efnahags, breytistuðlar.

Virði áhættuskuldbindinga utan efnahags sem taldar eru í þessari grein skal reikna með því að margfalda fjárhæðir þessara liða hvers um sig með breytistuðlum eins og greinir hér á eftir. Þessar áhættuskuldbindingar eru greindar eftir tegund og fær fjárhæð samkvæmt þessari grein áhættuvog eftir reglum um viðkomandi tegund.

1. Mikil áhætta, breytistuðull 1,0:

- a. Ábyrgðir sem jafna má til beinna lána,
- b. skuldaafleiður,
- c. samþykktir víxlar,
- d. framsal á víxlum, þó ekki ef önnur lánastofnun hefur áritað um ábyrgð framar á víxlinum,
- e. viðskipti með endurkröfurétti,
- f. óafturkræfar ábyrgðir sem jafna má til beinna lána,
- g. eignir keyptar samkvæmt framvirkum kaupsamningi,
- h. framvirk innlánsviðskipti,
- i. ógreiddur hluti í hlutabréfum og verðbréfum sem eru greidd að hluta,
- j. sölu- og endurkaupatryggingar þar sem lánaáhættan helst hjá fyrirtækinu, og
- k. aðrir liðir með mikla áhættu.

2. Miðlungsáhætta, breytistuðull 0,5:

- a. Útgefnar skjalaábyrgðir og staðfestar skjalaábyrgðir,
- b. ábyrgðir og tryggingar (þar með taldar tilboðs-, fullnustu-, tolla- og skattaábyrgðir) og ábyrgðir sem ekki verður jafnað til beinna lána,
- c. óafturkræfar bakábyrgðir sem ekki verður jafnað til beinna lána,
- d. ónotaðar lánsheimildir (skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) upphaflega til lengri tíma en 1 árs,
- e. sölutryggingar vegna verðbréfaútgáfu og hlaupandi sölutryggingar vegna verðbréfa, og
- f. aðrir liðir með miðlungsáhættu.

3. Miðlungs/litil áhætta, breytistuðull 0,2:

- a. Skjalaábyrgðir, þar sem vörusending er sett sem veð, og önnur áþekk viðskipti,
- b. ónotaðar lánsheimildir (skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) upphaflega til allt að 1 árs sem ekki er hægt að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er eða ógilda sjálfkrafa vegna minnkandi láns-trausts lántakanda og
- c. aðrir liðir með miðlungs/litla áhættu.

4. *Lítill áhætta, breytistudull 0,0:*

- a. Ónotaðar lánsheimildir (ónotaðar yfirdráttarheimildir, skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) sem hægt er að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er eða ógilda sjálfkrafa vegna minnkandi láns-trausts lántakanda og
- b. aðrir liðir með litla áhættu.

9. gr.

Flokkun liða utan efnahags.

Liðir utan efnahagsreiknings skulu flokkast samkvæmt neðangreindu. Þeir skulu metnir með hliðsjón af þeim aðferðum sem lýst er í viðauka III skv. 55. gr. A. Fjármálafyrirtæki skal lýsa því yfir við Fjármálaeftirlitið hvaða aðferð það hyggst nota en rökstyðja breytingar sem síðar kunna að verða á þeirri ákvörðun. Fyrirtæki geta þó sótt um sérstakt leyfi Fjármálaeftirlitsins til þess að nota matsaðferð byggða á eigin líkönnum (IMM). Sérstakar reglur gilda um það.

Meta skal áhrif skuldskeytingar og annarrar samningsbundinnar skuldajöfnunar eins og lýst er í viðauka III. Afleiður sem tilgreindar eru í 3. tölulið er ekki heimilt að meta með hliðsjón af upprunalegri áhættu.

1. *Vaxtasamningar:*

- a. Vaxtaskipti innan sama gjaldmiðils,
- b. grunn vaxtaskiptasamningar,
- c. framvirkir vaxtasamningar,
- d. staðlaðir framvirkir vaxtasamningar,
- e. keyptur valréttur að vöxtum, og
- f. aðrir svipaðir samningar.

2. *Gjaldmiðlasamningar og samningar varðandi gull:*

- a. Vaxtaskipti á milli gjaldmiðla,
- b. framvirkir gjaldmiðlasamningar,
- c. staðlaðir framvirkir gjaldmiðlasamningar,
- d. keyptur valréttur að erlendum gjaldeyri,
- e. aðrir svipaðir samningar, og
- f. samningar er varða gull, í eðli sínu svipaðir þeim sem um getur í a. til e. lið.

3. *Samningar sem eru í eðli sínu svipaðir þeim sem um getur í staflíðum a. til e. í 1. tl. og staflíðum a. til d. í 2. tl., en miðast við aðra viðmiðunarliði eða vísitölur er varða:*

- a. Hlutabréf,
- b. góðmálma, að gulli undanskildu,
- c. aðrar hrávörur en góðmálma, og
- d. aðra eðlislíka samninga.

Afleiðusamningar sem eru bæði með vaxta- og gjaldmiðlaviðmiðanir skulu flokkast sem gjaldmiðlasamningar við útreikning á áhættuvegnum áhættuskuldbindingum.

10. gr.

Flokkun áhættuskuldbindinga.

Sérhverja áhættuskuldbindingu skal flokka í einhverja af eftirfarandi tegundum áhættuskuldbindinga:

- a. Eignaliður sem er áhættukrafa á eða með ábyrgð ríkja og seðlabanka,
- b. eignaliður sem er áhættukrafa á eða með ábyrgð héraðs- og sveitarstjórna,

- c. eignaliður sem er áhættukrafa á eða með ábyrgð opinberrar stofnunar og félaga sem ekki eru í samkeppnisrekstri,
- d. eignaliður sem er áhættukrafa á eða með ábyrgð fjölpjóða þróunarbanka,
- e. eignaliður sem er áhættukrafa á eða með ábyrgð alþjóðastofnana,
- f. eignaliður sem er áhættukrafa á eða með ábyrgð fjármálafyrirtækis,
- g. eignaliður sem er áhættukrafa á eða með ábyrgð fyrirtækja,
- h. eignaliður sem er áhættukrafa á eða með ábyrgð einstaklinga og lítilla og meðalstórra fyrirtækja (smásölu áhættuskuldbindingar),
- i. eignaliður sem er áhættukrafa tryggð með fasteignaveði,
- j. vanskil,
- k. eignaliðir í skilgreindum háum áhættuflokkum,
- l. eignaliðir sem eru sértryggð skuldabréf,
- m. verðbréfaðar stöður,
- n. skammtíma áhættuskuldbindingar gagnvart lánastofnunum og fyrirtækjum,
- o. verðbréfasjóðir,
- p. aðrar áhættuskuldbindingar.

Áhættuvog skal vera 100% nema annað leiði af ákvæðum þessa kafla. Áhættuvog getur lækkað vegna ábyrgða og trygginga, sbr. VII. kafla.

11. gr.

Ríki og seðlabankar.

Áhættuskuldbindingar ríkja og seðlabanka (tegund a.) hafa áhættuvog 100% nema kveðið sé á um annað í þessari grein.

Áhættuvog ríkja og seðlabanka sem hafa lánshæfismat frá matsfyrirtæki sem Fjármálaeftirlitið hefur viðurkennt má vera eins og sýnt er í eftirfarandi töflu:

Ríki og seðlabankar

Þrep útlánagæða	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	0%	20%	50%	100%	100%	150%

Áhættuskuldbindingar ríkja og seðlabanka aðildarríkja EES, sem gefnar eru út og fjármagnaðar í heimamynt ríkisins, hafa áhættuvogina 0%. Sama gildir um Seðlabanka Evrópu. Heimili eftirlitsstjórnvöld í ríki utan EES lægri áhættuvog en leiðir af 1. og 2. mgr. á áhættuskuldbindingar þess ríkis, getur Fjármálaeftirlitið ákveðið að nota megi þá áhættuvog þegar þessum reglum er beitt, enda séu reglur og eftirlit í því ríki hliðstæð því sem er innan EES.

12. gr.

Héraðs- og sveitarstjórnir.

Áhættuskuldbindingar íslenskra sveitarfélaga (tegund b.) hafa áhættuvog 20%.

Áhættuskuldbindingar héraðs- og sveitarstjórna í öðrum aðildarríkjum EES fá áhættuvog eins og áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja, nema viðkomandi aðildarríki hafi tilkynnt Fjármálaeftirlitinu að þær megi meðhöndla eins og áhættuskuldbindingar ríkisins sjálfs.

Fjármálaeftirlitið getur ákveðið, að áhættuskuldbindingar héraðsstjórna og sveitarstjórna í þriðju ríkjum megi áhættuvega eins og áhættuskuldbindingar ríkisins sjálfs.

13. gr.

Opinberar stofnanir og fyrirtæki sem ekki eru í samkeppnisrekstri.

Opinberar stofnanir á Íslandi og íslensk fyrirtæki sem ekki eru í samkeppnisrekstri (tegund c.) fá áhættuvog 100% nema Fjármálaeftirlitið tilkynni að þeim megi gefa áhættuvog eins og fjármálafyrirtækjum á heimasíðu sinni.

Hafi eftirlitsstjórnvöld annars aðildarríkis EES ákveðið að beita heimildum sambærilegum þeim sem eru í 1. mgr. geta íslensk fjármálafyrirtæki notað áhættuvog samkvæmt því.

Heimili eftirlitsstjórnvöld í ríkjum utan EES að meta megi opinberar stofnanir og fyrirtæki sem ekki eru í samkeppnisrekstri eins og fjármálafyrirtæki getur Fjármálaeftirlitið ákveðið að áhættuskuldbindingar þessara stofnana megi áhættuvega á sama hátt.

14. gr.

Fjölþjóða þróunarbankar og alþjóðastofnanir.

Áhættuskuldbindingar eftirtalinna fjölþjóða þróunarbanka (tegund d.) hafa áhættuvog 0%:

- a. Alþjóðabankinn,
- b. Alþjóðalánastofnunin,
- c. Þróunarbanki Ameríkuríkja,
- d. Þróunarbanki Asíu,
- e. Þróunarbanki Afríku,
- f. Þróunarbanki Evrópuráðsins,
- g. Norræni fjárfestingarbankinn,
- h. Karíbaþróunarbankinn,
- i. Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu,
- j. Fjárfestingarbanki Evrópu,
- k. Fjárfestingarsjóður Evrópu,
- l. Fjölþjóðlega fjárfestingarábyrgðarstofnunin.

Aðrir fjölþjóða þróunarbankar, þar á meðal Fjárfestingarlánastofnun Ameríkuríkja, Viðskipta- og þróunarbanki Svartahafsins og Þróunarbanki Mið-Ameríkuríkja (Central American Bank for Economic Integration), fá áhættuvog eins og lánastofnanir.

Áhættuskuldbindingar Evrópusambandsins, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðagreiðslubankans (tegund e.) hafa áhættuvog 0%.

15. gr.

Fjármálafyrirtæki.

Áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja (tegund f.) fá áhættuvog sem ræðst af láns-hæfismati heimaríkis þeirra samkvæmt eftirfarandi töflu:

Fjármálafyrirtæki

Þrep útlánagæða fyrir heimaríki	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	20%	50%	100%	100%	100%	150%

Hafi heimaríkið ekki lánsþæfismat skal áhættuvog fjármálafyrirtækisins ekki vera hærri en 100%.

Skammtíma áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja með gjalddaga innan þriggja mánaða hafa áhættuvog 20%.

Hlutfé í fjármálafyrirtækjum hefur áhættuvog 100%, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, enda dregst það ekki frá eiginfjárgrunni.

16. gr.

Fyrirtæki.

Áhættuskuldbindingar fyrirtækja (tegund g.) sem ekki falla undir 15. gr. (um fjármála-fyrirtæki) og ekki hafa lánshæfismat frá viðurkenndu matsfyrirtæki hafa áhættuvog 100%. Hafi heimaríki fyrirtækisins hærri áhættuvog (sbr. áhættutegund a.) skal hún þó einnig notuð fyrir fyrirtækið.

Hafi áhættuskuldbindingin lánshæfismat frá viðurkenndu matsfyrirtæki fær hún áhættu-vog eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Fyrirtæki

Þrep útlánagæða	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	20%	50%	100%	100%	150%	150%

17. gr.

Einstaklingar, litil og meðalstór fyrirtæki.

Áhættuskuldbindingar einstaklinga, lítilla og meðalstórra fyrirtækja (tegund h.) mega hafa áhættuvog 75%, ef þær uppfylla öll eftirtalin skilyrði:

1. Áhættuskuldbindingin sé gagnvart einstaklingi eða einstaklingum, eða litlu eða meðalstóru fyrirtæki,
2. áhættuskuldbindingin sé ein margra hliðstæðra áhættuskuldbindinga með svipuð ein-kenni, þannig að áhætta af safninu sé verulega minni að tiltölu en af einstökum áhættuskuldbindingum,
3. heildaráhættuskuldbinding einstakra skuldunauta eða hóps tengdra skuldunauta gagnvart samstæðu sem fjármálafyrirtækið tilheyrir má ekki vera meiri en jafnvirði 1 milljónar evra (nú u.þ.b. 90 m.kr.) miðað við opinbert viðmiðunargengi evru eins og það er á hverjum tíma, að undanskildum áhættuskuldbindingum með veði í íbúðar-húsnæði.

Markaðsverðbréf (*e. securities*) geta ekki talist til þessarar tegundar.

18. gr.

Fasteignaveðlán.

Fasteignaveðlán hafa áhættuvog 100% nema kveðið sé á um annað í þessari grein.

Áhættuvog 35% má nota á lán tryggð að fullu með veði í fullbúnu íbúðarhúsnæði á Íslandi, sem er eða mun verða notað af lántakanda til íbúðar eða útleigu. Þetta á við um lán eða hluta láns sem er innan 80% af fasteignamati Fasteignamats ríkisins eða markaðsverði, eftir því hvort reynist lægra. Heimilt er með samþykki Fjármálaeftirlitsins að nota annað kerfisbundið mat en fasteignamat Fasteignamats ríkisins enda uppfyllir það kröfur sem tilgreindar eru í viðauka VIII skv. 55. gr. A. Þessa áhættuvog má einnig nota á lán tryggð með veði í íbúðarhúsnæði í öðrum aðildarríkjum EES ef reglur í viðkomandi aðildarríki leyfa.

Forsendur þess að nota megi 35% áhættuvog eru þessar:

1. Að verðmæti eignarinnar sé ekki háð lánshæfi lántakanda. Þetta ákvæði á ekki við þegar um er að ræða þjóðhagslegar breytingar sem hafa áhrif á bæði verðmæti eignarinnar og greiðslugetu lántakanda,
2. að greiðslugeta lántakanda sé ekki verulega háð tekjum af eigninni,
3. að fylgt sé ákvæðum í viðauka VIII skv. 55. gr. A, um form og mat á veðinu.

Áhættuvog 50% má nota á lán tryggð að fullu með veði í viðskiptahúsnæði á Íslandi, enda sé húsnæðið nýtt eða leigt út af lántakanda og gefi af sér eðlilegar leigutekjur. Þetta á við um lán eða hluta láns sem er innan 50% af fasteignamati Fasteignamats ríkisins eða markaðsverði eftir því hvort reynist lægra. Heimilt er með samþykki Fjármálaeftirlitsins að nota annað kerfisbundið mat en fasteignamat Fasteignamats ríkisins enda uppfyllir það kröfur sem tilgreindar eru í viðauka VIII skv. 55. gr. A. Það sem umfram er fær áhættuvog 100%. Þessa áhættuvog má einnig nota á lán tryggð með veði í viðskiptahúsnæði í öðrum aðildarríkjum EES ef reglur í viðkomandi aðildarríki leyfa.

Forsendur þess að nota megi 50% áhættuvog eru þessar:

1. Að verðmæti eignarinnar sé ekki háð lánshæfi lántakanda. Þetta ákvæði á ekki við þegar um er að ræða þjóðhagslegar breytingar sem hafa áhrif á bæði verðmæti eignarinnar og greiðslugetu lántakanda,
2. að greiðslugeta lántakanda sé ekki verulega háð tekjum af eigninni,
3. að fylgt sé ákvæðum í viðauka VIII skv. 55. gr. A um form og mat á veðinu.

19. gr.

Vanskil.

Hafi áhættukrafa verið lengur en 90 daga í vanskilum og niðurfærsla heildarkröfunnar er lægri en 20% skal ótryggður hluti hennar að frádreginni niðurfærslu hafa áhættuvog 150%. Ef niðurfærsla heildarkröfunnar er 20% eða hærri skal ótryggður hluti hennar að frádreginni niðurfærslu hafa áhættuvog 100%. Tryggður hluti kröfu er skilgreindur sem sá hluti sem tryggður er með viðurkenndum veðum og ábyrgðum samkvæmt ákvæðum VII. kafla um mildun útlánaáhættu.

Lán með veði í íbúðarhúsnæði, sem uppfylla skilyrði 2. og 3. mgr. 18. gr., sem verið hafa í vanskilum lengur en 90 daga fá áhættuvog 100%. Ef niðurfærslur nema 20% eða meira af heildarkröfunni má nota 50% áhættuvog á hana að frádreginni niðurfærslu.

Lán með veði í viðskiptahúsnæði, sem uppfylla skilyrði 4. og 5. mgr. 18. gr., sem verið hafa í vanskilum lengur en 90 daga fá áhættuvog 100%.

Hærra áhættuvægi samkvæmt 1. - 3. mgr. nær til höfuðstóls kröfu sem er í skilum auk vanskila.

20. gr.

Sérlega áhættusamar kröfur.

Sérlega áhættusamar kröfur, s.s. sprota- og framtaksfjárfestingar (*e. venture capital and private equity investments*), fá áhættuvog 150%.

21. gr.

Sértryggð skuldabréf.

Sértryggð skuldabréf (*e. covered bonds*) sem gefin eru út af fjármálafyrirtækjum á Íslandi, eða í öðrum löndum EES og sem lögum samkvæmt eru háð sérstöku eftirliti með það að markmiði að vernda kaupendur bréfanna. Fé það sem fæst með útgáfu skuldabréfanna skal fjárfesta í eignum sem tryggt er að standi undir áhættuskuldbindingunni út líftíma skuldabréfsins, bæði eftirstöðvum og áföllnum vöxtum, ef greiðslufall verður hjá útgefanda.

Sértryggð skuldabréf skulu tryggð með veði í einhverjum eftirfarandi eigna:

1. Kröfum á eða með ábyrgð ríkja, seðlabanka, opinberrar stofnunar, héraðs- eða sveitarstjórna innan EES,
2. kröfum á eða með ábyrgð ríkja, seðlabanka, opinberrar stofnunar, héraðs- eða sveitarstjórna utan EES, auk eigna sem eru kröfur á eða með ábyrgð fjölpjóða þróunarbanka

enda séu þær flokkaðar í 1. þrepi útlánagæða. Fjárhæð sértryggðra skuldabréfa sem tryggð eru með veði í þessum eignum má ekki vera hærri en 20% af nafnfjárhæð (*e. nominal amount*) útistandandi sértryggðra skuldabréfa útgefanda,

3. kröfum á eða með ábyrgð fjármálafyrirtækja sem flokkuð eru í 1. þrep útlánagæða. Fjárhæð sértryggðra skuldabréfa sem tryggð eru með veði í þessum eignum má ekki vera hærri en 15% af nafnfjárhæð útistandandi sértryggðra skuldabréfa útgefanda,
4. veðlánnum í íbúðarhúsnæði þar sem heildarveðhlutfall í eigninni er 80% eða lægra,
5. veðlánnum í viðskiptahúsnæði þar sem heildarveðhlutfall í eigninni er 60% eða lægra. Heildarveðhlutfall má vera 70% ef heildarvirði tryggðra eigna er 10% herra en höfuðstóll skuldabréfsins,
6. veðlánnum í skipum þar sem heildarveðhlutfall er 60% eða lægra.

Ef húsnæðisveðlán eru notuð til tryggingar ber útgefanda að fylgja ákvæðum í viðauka VIII skv. 55. gr. A um form og mat á veðinu.

Sértryggð skuldabréf fá áhættuvog á grundvelli þeirra áhættuvoga sem ótryggðar forgangskröfur (*e. senior unsecured exposures*) á útgefandann hafa samkvæmt eftirfarandi:

1. Ef kröfurnar hafa áhættuvog 20% fá sértryggð skuldabréf áhættuvog 10%,
2. ef kröfurnar hafa áhættuvog 50% fá sértryggð skuldabréf áhættuvog 20%,
3. ef kröfurnar hafa áhættuvog 100% fá sértryggð skuldabréf áhættuvog 50%,
4. ef kröfurnar hafa áhættuvog 150% fá sértryggð skuldabréf áhættuvog 100%.

22. gr.

Verðbréfaðar stöður.

Verðbréfaðar stöður fá áhættuvog samkvæmt ákvæðum VIII. kafla.

23. gr.

Skammtíma áhættuskuldbindingar.

Hafi skammtíma áhættuskuldbinding fjármálafyrirtækis eða annars fyrirtækis lánshæfismat frá viðurkenndu matsfyrirtæki fær hún áhættuvog eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Skammtímaskuldbindingar fjármálafyrirtækja og annarra fyrirtækja

Þrep útlánagæða	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	20%	50%	100%	150%	150%	150%

24. gr.

Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu.

Hlutdeildarskírteini eða hlutir í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu hafa áhættuvog 100% nema kveðið sé á um annað í þessari grein.

Hafi sjóðurinn lánshæfismat frá viðurkenndu matsfyrirtæki fær hann áhættuvog eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu

Þrep útlánagæða	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	20%	50%	100%	100%	150%	150%

Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að hlutdeildarskírteini eða hlutir í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu fái áhættuvog 150% ef áhættuskuldbindingin er talin sérlega áhættusöm.

Hafi sjóður um sameiginlega fjárfestingu í þriðja ríki utan EES hlotið viðurkenningu eftirlitsaðila innan EES í samræmi við skilyrði 6. mgr. getur Fjármálaeftirlitið ákveðið að viðurkenna sjóðinn án þess að framkvæma eigið mat.

Fjármálaeftirtæki mega ákveða áhættuvog fyrir sjóð um sameiginlega fjárfestingu skv. 6., 7. eða 8. mgr. þessarar greinar ef hann uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- a. Sjóðurinn er rekinn af eftirlitsskyldum aðila innan EES eða hann hefur hlotið viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins,
- b. í kynningarskjali/útboðslýsingu komi fram í hvaða eignum sjóðnum er heimilt að fjárfesta, hvaða fjárfestingartakmörk gilda, hlutföll þeirra og reikningsaðferðir á hlutföllum og
- c. gerður sé efnahags- og rekstrarreikningur a.m.k. einu sinni á ári til að hægt sé að meta eignir hans og skuldir, tekjur og rekstur yfir tímabilið.

Séu undirliggjandi eignir sjóðs um sameiginlega fjárfestingu þekktar má nota áhættuvog sem er meðaltal áhættuvoga eignanna reiknaðar samkvæmt staðalaðferð.

Séu undirliggjandi eignir sjóðs um sameiginlega fjárfestingu óþekktar má nota áhættuvog sem er meðaltal áhættuvoga eignanna reiknaðar samkvæmt staðalaðferð miðað við að sjóðurinn hafi fjárfest í samræmi við staðfesta fjárfestingarstefnu í eftirfarandi röð: að hámarki samkvæmt hæsta áhættuflokki og síðan í lækkandi áhættuflokkum.

Nota má áhættuvog sem metin er af þriðja aðila vegna 6. og 7. mgr. þessarar greinar, svo fremi að hægt sé að tryggja áreiðanleika þess mats.

25. gr.

Aðrar liðir.

Efnislegar eignir fá áhættuvog 100%.

Fyrirframgreiðslur og fyrirfram innheimtar tekjur, þar sem ekki er hægt að ákveða hver mótaðilinn er, fá áhættuvog 100%.

Reiðufé sem er í innheimtuferli fær áhættuvog 20% en annað reiðufé fær áhættuvog 0%.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað 10% áhættuvog vegna áhættuskuldbindinga eftirlitsskyldra stofnana sem sérhæfa sig í millibankaviðskiptum og opinberum skuldabréfamörkuðum ef þessar áhættuskuldbindingar eru fullkomlega tryggðar með eignum með áhættuvog 0% eða 20% og Fjármálaeftirlitið telur þessar tryggingar nægjanlegar.

Hlutabréf og önnur hlutdeild í félögum fá að lágmarki 100% áhættuvog enda séu eignirnar ekki dregnar frá eiginfjárgrunni.

Gullstengur í eigin vörslu eða eignir tryggðar með gullstöngum fá áhættuvog 0%.

Þegar um er að ræða sölu- og endurkaupasamninga og bein framvirk kaup fá áhættuskuldbindingarnar áhættuvog viðkomandi eigna en ekki mótaðilans.

Þegar fjármálaeftirtæki veitir útlánavörn fyrir stöðu með þeim skilmálum að *n*-ta vanefndin meðal staðanna skapi greiðsluskyldu og jafnframt að þessi vanefnd bindi enda á samninginn, og svo framarlega sem afurðin hefur lánshæfismat viðurkennds matsfyrirtækis, skal notast við ákvæði VIII. kafla um verðbréfaðar stöður. Hafi afurðin ekki lánshæfismat viðurkennds matsfyrirtækis ber að leggja saman áhættuvogir staðanna í körfunni, að undanskildum *n-1* stöðum, upp að hámarki 1250% og margfalda með nafnverði stöðunnar sem varin er til að finna áhættuvegna stöðufjárhæð. Þær *n-1* stöður sem undanskilja skal úr samlagningunni skulu vera þær stöður sem hver um sig leiðir til lægri áhættuveginnar stöðu en nokkur áhættuvegin staða sem tekin er með í samlagninguna.

VI. KAFLI

Innramatsaðferð.

26. gr.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað fjármálafyrirtækjum að nota innramatsaðferð (IRB) til að meta áhættuvegnar áhættuskuldbindingafjárhæðir í samræmi við ákvæði þessa kafla. Veita skal sérhverju fjármálafyrirtæki sérstakt leyfi. Leyfi skal aðeins veitt ef Fjármálaeftirlitið telur að kerfi þau sem fjármálafyrirtækið notar til að stjórna og meta útlánaáhættu séu traust, framkvæmdin sé heildstæð og að kerfin uppfylli eftirfarandi skilyrði sbr. 4. hluta viðauka VII skv. 55. gr. A:

- a. Að matskerfi fjármálafyrirtækisins gefi skilmerkilega mynd af viðskiptavininum og eiginleikum áhættuskuldbindingarinnar, að það greini áhættuna sem tengd er viðskiptunum og að samkvæmni sé í matinu,
- b. að innra mat og mat á vanskilum sem notað er við útreikning á eiginfjárkröfu, og tengd kerfi og ferlar, gegni veigamiklu hlutverki við áhættustýringu og ákvarðanatöku, við samþykki fyrirgreiðslna, við ráðstöfun eigin fjár innan fyrirtækisins og við stjórnun þess,
- c. að innan fjármálafyrirtækisins sé óháð áhættustýringardeild sem ber ábyrgð á matskerfunum,
- d. að fjármálafyrirtækið safni og geymi öll gögn til að styðja við áhættumat og stjórnun þess, og
- e. að fjármálafyrirtækið haldi skrár yfir matskerfið og forsendur þess og að þau séu staðfest (*e. validated*).

Fjármálafyrirtæki, sem sækir um leyfi til að nota innramatsaðferðina, þarf að sýna fram á að það hafi notað kerfi til að meta áhættuflokkana og til áhættustýringar sem uppfyllir að mestu ofangreind skilyrði í 3 ár áður en leyfi er veitt. Sæki fjármálafyrirtæki um leyfi til að nota innramatsaðferð fyrir 2010 má stytta þennan tíma í 2 ár fram til 31. desember 2009.

Fjármálafyrirtæki sem sækir um leyfi til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum (LGD) og breytistuðlum, þarf að sýna fram á að það hafi notað eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum sem uppfyllir að mestu ofangreind skilyrði í 3 ár áður en leyfi er veitt. Þennan tíma má stytta í 2 ár fram til 31. desember 2008.

Ef fjármálafyrirtæki uppfyllir ekki lengur skilyrði þessa kafla þarf það að gera grein fyrir þeim ráðstöfunum sem það hyggst grípa til, endurbóta eða sýna fram á að áhrifin séu óveruleg.

Fjármálafyrirtæki skal nota innramatsaðferð á allar áhættuskuldbindingar/-kröfur, þ.m.t. hlutabréfaeign, nema kveðið sé á um annað í þessum kafla.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað að innramatsaðferðin sé tekin upp í áföngum eftir áhættuflokkum.

Hafi fjármálafyrirtæki fengið leyfi til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum (LGD) og breytistuðlum, er því ekki heimilt að nota aðrar aðferðir við mat á áhættuskuldbindingum sínum.

27. gr.

Flokkun áhættuskuldbindinga.

Sérhverja áhættuskuldbindingu skal flokka í einhverja af eftirfarandi tegundum áhættuskuldbindinga og skal gæta samræmis og samkvæmni í þeirri flokkun:

- a. Eignaliður sem er áhættukrafa á eða með ábyrgð ríkja og seðlabanka,
- b. eignaliður sem er áhættukrafa á eða með ábyrgð fjármálafyrirtækis,
- c. eignaliður sem er áhættukrafa á eða með ábyrgð fyrirtækja,

- d. eignaliður sem er áhættukrafa á eða með ábyrgð einstaklinga og lítilla og meðalstórra fyrirtækja (smásölu áhættuskuldbindingar),
- e. hlutabréfastöður,
- f. verðbréfaðar stöður,
- g. aðrar eignir sem fela ekki í sér útlánaáhættu (*e. other non credit-obligation assets*).

Áhættuskuldbindingar héraðs- og sveitarstjórna og opinberra stofnana sem flokkast eins og áhættuskuldbindingar ríkja samkvæmt staðalaðferð skal flokka eins og áhættuskuldbindingar ríkja og seðlabanka. Áhættuskuldbindingar fjölþjóða þróunarbanka og alþjóðastofnana sem hafa áhættuvog 0% samkvæmt staðalaðferð skal einnig flokka á sama hátt.

Áhættuskuldbindingar héraðs- og sveitarstjórna sem ekki flokkast eins og áhættuskuldbindingar ríkja, opinberra stofnana sem flokkast eins og fjármálafyrirtæki og fjölþjóða þróunarbanka sem ekki hafa áhættuvog 0% samkvæmt staðalaðferð skal flokka með áhættuskuldbindingum fjármálafyrirtækja.

Áhættuskuldbindingar einstaklinga, lítilla og meðalstórra fyrirtækja skulu uppfylla skilyrði 17. gr. Auk þess þarf áhættustýring þessara áhættuskuldbindinga sem heildar (*e. retail portfolio*) að vera stöðug yfir tíma og samræmd.

Áhættuskuldbindingar sem ekki teljast lán og eru víkjandi eftirstæðar kröfur á eignir eða tekjur útgefanda auk lána með slík einkenni skulu flokkast með hlutabréfastöðum.

Greina skal sérstaklega innan áhættuflokks fyrirtækja sértækar lánaáhættuskuldbindingar (*e. specialised lending exposures*) sem hafa eftirfarandi einkenni:

- a. Áhættukrafan er á rekstrareiningu sem sérstaklega var stofnuð til að fjármagna eða starfrækja efnislega eign,
- b. samningsákvæðin veita lánveitanda töluverð yferráð yfir eigninni og tekjunum sem þær gefa af sér,
- c. megin uppspretta endurgreiðslunnar er frá þeim tekjum sem hinar fjármögnuðu eignir gefa af sér.

Lánaáhættuskuldbindingar sem ekki flokkast undir a., b., d., eða f. lið 1. mgr. skulu flokkast með áhættuskuldbindingum fyrirtækja (c. lið).

Flokka skal lokavirði samkvæmt eignaleigusamningum (*e. leased property*) undir g. lið 1. mgr. séu þær ekki innifaldar í áhættuskuldbindingum vegna fyrrgreindra samninga eins og skilgreint er í 3. hluta, 4. tl., viðauka VII skv. 55. gr. A.

28. gr.

Mat áhættuveginna áhættuskuldbindinga.

Meta skal áhættuvegnar áhættuskuldbindingafjárhæðir vegna útlánaáhættu allra flokka áhættuskuldbindinga skv. 27. gr. að undanskildum verðbréfuðum stöðum samkvæmt viðauka VII skv. 55. gr. A, 1. hluta, 1.- 27. lið, nema þær séu dregnar frá eiginfjárgrunni.

Meta skal áhættuvegnar áhættuskuldbindingafjárhæðir vegna þynningaráhættu fyrir keyptar kröfur samkvæmt 1. hluta, 28. lið í sama viðauka. Hafi fjármálafyrirtæki fullan endurkröfurétt á seljanda krafanna vegna hættu á vanefndum og þynningaráhættu má fara með þær sem veðtryggðar áhættuskuldbindingar (*e. collateralised exposure*).

Byggja skal útreikning áhættuveginna áhættuskuldbindingafjárhæða vegna útlána- og þynningaráhættu á viðeigandi breytum tengdum áhættuskuldbindingum, þ. á m. líkum á vanefndum (PD), tapi að gefnum vanefndum (LGD), gjalddaga og útlánagildi áhættuskuldbindingarinnar. Meta skal PD og LGD samkvæmt 2. hluta, ofangreinds viðauka VII.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. getur Fjármálaeftirlitið veitt leyfi til að meta áhættuvegnar áhættuskuldbindingafjárhæðir vegna útlánaáhættu fyrir hlutabréfastöður sbr. 17.-26. lið 1.

hluta viðauka VII skv. 55. gr. A. Einungis skal veitt leyfi til að nota aðferðir í 25.-26. lið að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 115.-123. lið 4. hluta sama viðauka.

Meta má áhættuvegnar áhættuskuldbindingafjárhæðir vegna útlánaáhættu fyrir sértækar lánaáhættuskuldbindingar sbr. 6. lið 1. hluta viðauka VII skv. 55. gr. A og skal Fjármálaeftirlitið gefa út leiðbeiningar um þær áhættuvogir sem nota skal og samþykkja aðferðir fjármálafyrirtækisins.

Fjármálafyrirtæki skulu nota eigin líkur á vanefndum (PD) fyrir áhættuflokka a. til d. í 1. mgr. 27. gr. og eigið mat á tapi að gefnum vanefndum (LGD) fyrir áhættuflokka d. sömu málsgreinar í samræmi við 26. gr. og 4. hluta viðauka VII skv. 55. gr. A. Fjármálaeftirlitið getur veitt sérstakt leyfi til að nota eigin LGD og breytistuðla fyrir áhættuflokka a. til c. í samræmi við 26. gr. og 4. hluta ofangreinds viðauka. Að öðrum kosti skal nota LGD-gildin og breytistuðlana í 8. lið, 2. hluta sama viðauka.

Verðbréfaðar stöður skulu metnar samkvæmt ákvæðum VIII. kafla.

Ef áhættuskuldbindingar í formi sjóða um sameiginlega fjárfestingu uppfylla skilyrði 5. og 6. mgr. 24. gr. skal meta áhættuvegnar áhættuskuldbindingafjárhæðir undirliggjandi eigna sjóðanna samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

29. gr.

Vænt tap (EL).

Meta skal vænt tap (EL) vegna áhættuskuldbindinga í áhættuflokkum a. - e., 1. mgr. 27. gr. í samræmi við 29.-35. lið 1. hluta viðauka VII skv. 55. gr. A. Nota skal sömu breytur fyrir PD, LGD og virði áhættuskuldbindingar og notaðar eru til að meta áhættuvegnar áhættuskuldbindingafjárhæðir samkvæmt 28. gr. Vænt tap vegna vanskila skal meta samkvæmt 80. lið 4. hluta ofangreinds viðauka.

Vænt tap af verðbréfuðum stöðum skal meta samkvæmt VIII. kafla.

Vænt tap af áhættuskuldbindingum skv. g. lið. 1. mgr. 27. gr. skal vera 0.

Meta skal vænt tap vegna þynningaráhættu fyrir keyptar viðskiptakröfur samkvæmt 35. lið 1. hluta viðauka VII skv. 55. gr. A.

Meta skal vænt tap af sjóðum um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt 29.-35. lið 1. hluta ofangreinds viðauka.

30. gr.

Undanþágur frá innramatsaðferð.

Fjármálaeftirlitið getur veitt fjármálafyrirtækjum, sem hafa leyfi til að nota innramatsaðferð, heimild til að nota staðalaðferð fyrir eftirfarandi áhættuskuldbindingar:

- a. Áhættuskuldbindingar skv. a. og b. lið 1. mgr. 27. gr. ef mótaðilar eru það fáir að það verði fjármálafyrirtækinu óþarflega íþyngjandi að koma á fót matskerfi fyrir þessa aðila,
- b. áhættukröfur á viðskiptaeyningar innan samstæðu sem hafa óverulegt vægi auk áhættuflokka sem hafa tiltölulega lítið vægi hvað varðar stærð og áhættu,
- c. áhættukröfur á íslenska ríkið,
- d. áhættukröfur á móðurfélag eða dótturfélag viðkomandi fjármálafyrirtækis,
- e. hlutabréf í þeim félögum hvers áhættuskuldbindingar hafa áhættuvog 0% samkvæmt staðalaðferð. Áhættuflokkur hlutabréfa skal talinn verulegur ef heildarvirði þeirra er meira en 10% af eiginfjárgrunni að meðaltali næstliðið ár. Ef um er að ræða hlutabréf í færri en 10 félögum skal miða við 5% af eigin fé,
- f. áhættuskuldbindingar sem eru bundnar innistæður í seðlabönkum samkvæmt reglum þar að lútandi,

g. ríkisábyrgðir í samræmi við 19. lið 2. hluta viðauka VIII skv. 55. gr. A.
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal Fjármálaeftirlitið leyfa notkun staðalaðferðar fyrir hluta-
bréfaeign hafi það verið leyft af öðrum eftirlitsaðilum innan EES.

VII. KAFLI

Mildun útlánaáhættu.

31. gr.

Í þessum kafla merkir orðið lánastofnun (*e. lending credit institution*) fjármálafyrirtæki sem á kröfuna hvort sem rekja má hana til útlána eða ekki.

32. gr.

Fjármálafyrirtæki sem nota annaðhvort staðalaðferðina eða innri matsaðferðina án þess að nota eigin matsaðferðir á tapi að gefnum vanefndum (LGD) og breytistuðlum samkvæmt 28. og 29. grein, mega nýta sér reglur um mildun útlánaáhættu samkvæmt þessum kafla, í útreikningi á áhættuvegnum áhættuskuldbindingafjárhæðum samkvæmt 4. grein eða væntu tapi samkvæmt innramatsaðferð.

33. gr.

Fjármögnuð og ófjármögnuð útlánavörn.

Aðferðin sem notuð er til útlánavarnar skal vera í samræmi við lög í viðkomandi ríki.

Lánastofnun skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja árangur og áreiðanleika útlánavarna og til að takast á við tengda áhættu.

Þegar um fjármagnaða útlánavörn er að ræða skulu eignir sem eru til tryggingar vera nægjanlega seljanlegar og virði þeirra stöðugt til að tryggja rétt mat á vörninni við útreikning á áhættuvegnum áhættuskuldbindingum. Hæfi (*e. eligibility*) til mildunar útlánaáhættu skal takmarkast við eignir sem skilgreindar eru í 1. hluta viðauka VIII skv. 55. gr. A. Lánastofnun hefur rétt til þess að selja eða halda eftir eignum sem eru til tryggingar vegna útlánavarnar ef til vanskila eða gjaldþrots kemur af hálfu skuldunauts eða að hálfu forráðaaðila eignarinnar. Gæta þarf að hversu mikil fylgni er milli virðis eignarinnar sem notuð er til varnar og lánsþæfismats skuldunautarins.

Þegar um ófjármagnaða útlánavörn er að ræða skulu þeir aðilar sem veita vörnina vera áreiðanlegir og samningar í samræmi við lög í viðkomandi ríki til að tryggja rétt mat á vörninni við útreikning á áhættuvegnum áhættuskuldbindingum. Eingöngu þeir aðilar sem veita útlánavörn og þær tegundir samninga sem skilgreindar eru í 1. hluta viðauka VIII skv. 55. gr. A eru hæf til mildunar útlánaáhættu.

Einnig skal fara eftir þeim lágmarksskilyrðum sem tilgreind eru í 2. hluta ofangreinds viðauka.

34. gr.

Séu skilyrði 33. gr. uppfyllt má reikna áhættuvegnar áhættuskuldbindingar og, eftir því sem við á, vænt tap í samræmi við 3. til 6. hluta viðauka VIII skv. 55. gr. A.

Áhættuskuldbindingafjárhæð sem reiknuð er með tilliti til mildunar útlánaáhættu skal ekki vera hærri en fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar eða vænts taps sömu áhættuskuldbindingar þar sem mildun útlánaáhættu er ekki notuð.

Hafi þegar verið tekið tillit til útlánavarna við útreikning áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt staðalaðferð eða innramatsaðferð skal ekki fara eftir greinum þessa kafla um útreikning á útlánavörn.

VIII. KAFLI

Verðbréfun.

35. gr.

Reikna skal áhættuvegnar áhættuskuldbindingafjárhæðir í verðbréfuðum stöðum í samræmi við 1.-5. lið og 37.-76. lið, 4. hluta, viðauka IX skv. 55. gr. A. Þó skulu þau fjármálafyrirtæki sem nota staðalaðferðina flokka verðbréfaðar stöður í áhættuflokka samkvæmt 10. gr. og reikna áhættuvegnar áhættuskuldbindingafjárhæðir í verðbréfuðum stöðum í samræmi við 1.-36. lið, 4. hluta ofangreinds viðauka.

Þegar veruleg útlánaáhætta tengd verðbréfuðum stöðum hefur verið flutt frá upphaflega fjármálafyrirtækinu til þriðja aðila í samræmi við 2. hluta viðauka IX skv. 55. gr. A, má fjármálafyrirtækið:

- a. Þegar um hefðbundna verðbréfun er að ræða, undanskilja frá mati á áhættuvegnum áhættuskuldbindingum og, eftir því sem við á, væntu tapi, þær áhættuskuldbindingar sem hafa verið verðbréfaðar/færðar í verðbréfun (*e. securitised*),
- b. Þegar um tilbúna/gervi- (*e. synthetic*) verðbréfun er að ræða, reikna áhættuvegnar áhættuskuldbindingar og, eftir því sem við á, vænt tap verðbréfaðra staða í samræmi við 2. hluta ofangreinds viðauka.

Upphaflega fjármálafyrirtækinu ber að meta áhættuvegnar áhættuskuldbindingar í verðbréfuðum stöðum skv. 2. mgr. í samræmi við áðurnefndan viðauka IX. Ef upphaflega fjármálafyrirtækinu tekst ekki að flytja verulegan hluta útlánaáhættunnar skv. 2. mgr. er því heimilt að sleppa að reikna áhættuvegnar áhættuskuldbindingar í þeim verðbréfuðu stöðum.

36. gr.

Áhættuvogir verðbréfaðra staða.

Verðbréfaðar stöður, þ.m.t. verðbréfaðar stöður byggðar á vaxta- eða gjaldmiðlaafleiðum, skulu fá áhættuvog í samræmi við viðauka IX skv. 55. gr. A byggða á útlánagæðum metnum af viðurkenndu matsfyrirtæki eða á annan þann hátt sem tilgreindur er í áðurefndum viðauka IX. Þegar um er að ræða stöður í mismunandi lögum (*e. tranches*) verðbréfunar skal líta á hvert lag sem sérstaka stöðu. Þeir aðilar sem selja útlánavörn vegna verðbréfaðra staða eru taldir vera með stöðu í þeirri verðbréfun.

Þegar verðbréfuð staða er háð fjármagnaðri eða ófjármagnaðri útlánavörn má breyta áhættuvoginni í samræmi við 33.-36. gr. og ofangreindan viðauka IX. Áhættuvegnar áhættuskuldbindingafjárhæðir vegna verðbréfaðra staða skulu vera hluti af eiginfjárgrunni skv. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. Verðbréfaðar stöður með áhættuvog 1.250% má draga frá eiginfjárgrunni enda hafa þær ekki verið teknar með í fyrrgreindan útreikning.

37. gr.

Lánshæfismat viðurkenndra matsfyrirtækja.

Nota má lánshæfismat viðurkennds matsfyrirtækis til að ákvarða áhættuvog verðbréfaðra staða hafi matsfyrirtækið verið viðurkennt sérstaklega í þessu skyni af Fjármálaeftirlitinu og matsfyrirtækið hafi sýnt þekkingu og hæfni á sviði verðbréfunar og hlotið viðurkenningu markaðarins. Sérhver lánshæfiseinkunn á sér samsvörun í þrepi útlánagæða sem Fjármálaeftirlitið auglýsir.

38. gr.

Verðbréfun hlaupandi áhættuskuldbindinga.

Þegar um er að ræða verðbréfun hlaupandi áhættuskuldbindinga (*e. securitisation of revolving exposures*), með ákvæðum um að greiða megi afborganir fyrir gjalddaga, skal

upphaflega fjármálafyrirtækið reikna viðbótar áhættuvegna áhættuskuldbindingafjárhæð með tilliti til þeirrar auknu útlánaáhættu sem getur átt sér stað í kjölfar þess að afborganir eru greiddar fyrir gjalddaga. Hlaupandi áhættuskuldbinding skal í þessu sambandi vera áhættuskuldbinding þar sem útistandandi áhættukrafa á viðskiptavin getur flókt innan fyrirfram ákveðinna marka eftir því hvort hann ákveður að fá lánað eða endurgreiða. Jafnframt skal ákvæði um að greiða fyrir gjalddaga vera sammingsbundið, þar sem krafist er, að ef fyrirfram skilgreindir atburðir verða, beri að innleysa stöður fjárfesta fyrir þann gjalddaga sem upphaflega er tilgreindur í hinu útgefna verðbréfi.

39. gr.

Stuðningur við verðbréfun.

Upphaflegt fjármálafyrirtæki sem reiknar áhættuvegnar áhættuskuldbindingar skv. 35. gr. má ekki veita frekari tryggingar (*e. support*) umfram samninga við verðbréfun með það að markmiði að draga úr hugsanlegu tapi fjárfesta.

Geti upphaflegt fjármálafyrirtæki ekki uppfyllt ákvæði 1. mgr. varðandi verðbréfun skal reikna viðbótar eiginfjárkröfu vegna allra verðbréfaðra staða eins og þær hafi ekki verið verðbréfaðar. Fjármálafyrirtækið skal birta opinberlega að það hafi veitt tryggingar umfram samninga við verðbréfunina, og áhrif þess á eiginfjárkröfu.

IX. KAFLI

Rekstraráhætta.

40. gr.

Eiginfjárkröfu vegna rekstraráhættu skal reikna í samræmi við aðferðir sem tilgreindar eru í 41., 42.-44. og 45. gr.

Beiti fjármálafyrirtæki aðferð þeirri sem lýst er í 42.-44. gr. (Staðalaðferð) er óheimilt að beita síðar grundvallaraðferð þeirri sem lýst er í 41. gr. nema að gefnu tilefni og með leyfi Fjármálaeftirlitsins. Sama gildir ef fjármálafyrirtæki beitir aðferð þeirri sem lýst er í 45. gr., en þá er óheimilt að beita síðar aðferðum 41. eða 42.-44. gr.

Fjármálaeftirlitið getur þó veitt leyfi til að beita samsettum aðferðum í samræmi við 4. hluta viðauka X skv. 55. gr. A.

41. gr.

Grundvallaraðferð (Basic Indicator Approach).

Eiginfjárfrafa vegna rekstraráhættu samkvæmt grundvallaraðferð (*e. Basic Indicator Approach*) skal reiknast sem tiltekið hlutfall af viðeigandi mælikvarða (*e. indicator*).

Eiginfjárfrafa vegna rekstraráhættu skal vera 15% af viðeigandi mælikvarða eins og tilgreint er í eftirfarandi málsgreinum:

Viðeigandi mælikvarði er meðaltal samtölu hreinna vaxtatekna og annarra rekstrartekna síðustu þriggja reikningsára (þrjú 12-mánaða tímabil). Séu endurskoðaðar tölur ekki tiltækar er heimilt að nota áætlun.

Sé samtalan eitthvert reikningsárið neikvæð eða jafnt og núll skal hún ekki talin með í þriggja ára meðaltalinu. Mælikvarðinn skal vera samtala jákvæðra stærða deilt með fjölda jákvæðra stærða.

Mælikvarðinn skal samanstanda af eftirfarandi rekstrarliðum sbr. ennfremur 27. gr. tilskipunar 86/635/EB:

- | | |
|---|-------------------|
| 1 | Vaxtatekjur o.fl. |
| 2 | Vaxtagjöld o.fl. |

3	Tekjur af hlutabréfum o.fl. og öðrum eignarhlutum
4	Þóknunartekjur o.fl.
5	Þóknunargjöld
6	Gengishagnaður/-tap
7	Aðrar rekstrartekjur

Ekki skal draga frá afskriftir eða rekstrarkostnað þegar mælikvarðinn er reiknaður.

Eftirfarandi liðir skulu ekki teknir með í útreikninginn:

- Innleystur hagnaður/tap vegna sölu á eignum utan veltubókar,
- óreglulegar tekjur,
- tekjur vegna váttryggingastarfsemi.

Séu matsverðsbreytingar af veltubókarliðum í rekstrarreikningi má taka þær með í útreikninginn.

42. gr.

Staðalaðferð (Standardised Approach).

Noti fjármálafyrirtæki staðalaðferð ber að skipta starfseminni í viðskiptasvið í samræmi við eftirfarandi töflu:

Viðskiptasvið	Starfsemi	Hlutfall
Fyrirtækjaráðgjöf (<i>e. Corporate finance</i>)	Sölutrygging í tengslum við útgáfu eins eða fleiri fjármálagerninga eða markaðssetning slíkrar útgáfu. Þjónusta tengd sölutryggingu. Fjárfestingaráðgjöf. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu höfuðstóls, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim. Greiningadeildir og aðrar tegundir ráðgjafar vegna viðskipta með fjármálagerninga.	18%
Markaðsviðskipti (<i>e. Trading and sales</i>)	Eigin viðskipti. Peningamiðlun. Móttaka og miðlun fyrir mæla um einn eða fleiri fjármálagerninga. Framkvæmd fyrir mæla viðskiptavina. Umsjón með útboði verðbréfa. Rekstur marghliða viðskiptakerfa.	18%
Verðbréfamiðlun (smásala) (Starfsemi sem snýr að einstaklingum eða litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem uppfylla skilyrði 17. gr.)	Móttaka og miðlun fyrir mæla um einn eða fleiri fjármálagerninga. Framkvæmd fyrir mæla viðskiptavina. Umsjón með útboði verðbréfa.	12%
Viðskiptabankastarfsemi (heildsala)	Móttaka innlána og endurgreiðanlegra fjármuna. Veiting útlána. Fjármögnunarleiga. Veita ábyrgðir og tryggingar.	15%

Viðskiptasvið	Starfsemi	Hlutfall
Viðskiptabankastarfsemi (smásala) (Starfsemi sem snýr að einstaklingum eða litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem uppfylla skilyrði 17. gr.)	Móttaka innlána og endurgreiðanlegra fjármuna. Veiting útlána Fjármögnunarleiga Veita ábyrgðir og tryggingar	12%
Greiðslu- og uppgjörsþjónusta	Þjónusta við millifærslu peninga Útgáfa og umsýsla greiðslumiðla	18%
Umboðsþjónusta	Varsla og umsýsla fjármálagerninga fyrir viðskiptavini þ.m.t. forræði og tengd þjónusta s.s. stýring lausafjár og trygginga/veða	15%
Eignastýring	Stýring eignasafna Stýring verðbréfasjóða (UCITS) Önnur eignastýring	12%

Fyrir hvert viðskiptasvið skal eiginfjárfrafa vegna rekstraráhættu vera það hlutfall af viðeigandi mælikvarða sem tilgreint er í ofangreindri töflu. Viðeigandi mælikvarði er meðaltal samtölu hreinna vaxtatekna og annarra rekstrartekna síðustu þriggja reikningsára (þrjú 12-mánaða tímabil) fyrir hvert viðskiptasvið. Séu endurskoðaðar tölur ekki tiltækar má nota áætlun.

Eiginfjárfrafa vegna rekstraráhættu skal vera summan af eiginfjárkröfunni vegna rekstraráhættu fyrir hvert viðskiptasvið. Sé samtala viðskiptasviðsins neikvæð skal taka hana með í heildarsamtöluna. Sé heildarsamtalan neikvæð skal hún vera jafnt og núll í meðaltalinu.

43. gr.

Meginreglur kortlagningar viðskiptasviða.

Fjármálafyrirtæki þarf að uppfylla skilyrði um kortlagningu viðskiptasviða til að mega nota staðalaðferð við útreikning á eigin fé vegna rekstraráhættu.

Fjármálafyrirtæki þurfa að þróa og skjalfesta sértækar reglur og viðmið við kortlagningu viðeigandi mælikvarða fyrir núverandi viðskiptasvið og starfsemi innan ramma staðalaðferðar. Viðmið þessi þarf að endurskoða og aðlaga fyrir breytta og/eða nýja starfsemi og áhættur. Meginreglur fyrir kortlagningu viðskiptasviða eru eftirfarandi:

- Kortleggja þarf alla starfsemi ítarlega undir viðskiptasvið og án þess að þau skarist,
- starfsemi sem ekki fellur beint undir viðskiptasvið, en sem telst stoðþáttur við ákveðið viðskiptasvið skal falla undir það viðskiptasvið sem það styður. Ef stoðþáttur styður við fleiri viðskiptasvið ber að nota hlutlæg viðmið,
- ef ekki er hægt að kortleggja ákveðna starfsemi undir viðskiptasvið skal nota það hlutfall viðskiptasviðs sem er hæst, sama gildir um viðkomandi stoðþætti,
- fjármálafyrirtæki mega millifæra kostnað milli viðskiptasviða ef hann er talinn tilheyra öðru sviði,
- kortlagning starfsemi undir viðskiptasvið fyrir eiginfjárkröfu vegna rekstraráhættu skal vera í samræmi við flokka sem notaðir eru vegna útlána- og markaðsáhættu,
- stjórnendur eru ábyrgir fyrir reglum um kortlagningu, og
- kortlagningin þarf að standast óháð endurmat.

44. gr.

Aðrir mælikvarðar fyrir viðskiptabankastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað að notaðir séu aðrir mælikvarðar en áður eru tilgreindir fyrir viðskiptabankastarfsemi.

Fyrir þessi viðskiptasvið skal viðkomandi mælikvarði vera samræmdur/staðlaður tekju-
kvarði sem jafngildir þriggja ára meðaltali heildarnafnverðs lána og fyrirframgreiðslna marg-
földuðu með 0,035.

Fyrir heildsölu- og/eða smásöluhluta viðskiptabankastarfseminnar skulu lán og fyrirfram-
greiðslur vera ádreagnar fjárhæðir í viðkomandi lánasöfnum. Verðbréfastöður utan veltubókar
skulu teknar með í heildsöluhluta viðskiptabankastarfsemi.

Skilyrði þess að nota megi aðra mælikvarða eru:

1. Að meginstarfsemi fjármálafyrirtækisins er viðskiptabankastarfsemi og a.m.k. 90% af tekjunum eru á því sviði.
2. Fjármálafyrirtækið þarf að sýna Fjármálaeftirlitinu fram á að verulegur hluti starf-
seminnar nái yfir útlán með háum líkum á vanefndum (PD) og að aðrir mælikvarðar
en notaðir eru með staðalaðferð gefi betra mat á rekstraráhættu,
3. Fjármálafyrirtækið þarf að uppfylla skilyrði 45. gr.

45. gr.

Skilyrði fyrir notkun staðalaðferðar vegna rekstraráhættu.

Fjármálafyrirtæki þurfa að uppfylla almenn skilyrði um áhættustýringu í samræmi við
stærð og hlutfallslegt mikilvægi þess, en auk þess:

- a. þurfa vel skjalfest kerfi að vera til staðar til að meta og stjórna rekstraráhættu þar sem
ábyrgð er vel skilgreind. Kerfið þarf að bera kennsl á áhrif af rekstraráhættu og það
þarf að vera hægt að rekja viðeigandi gögn vegna rekstraráhættu þ.m.t. gögn um
verulegt tap. Kerfið þarf að standast óháð mat.
- b. þarf að samþætta kerfið vegna rekstraráhættu við áhættustýringu fjármálafyrir-
tækisins og niðurstöður úr því þurfa að gefa skýra mynd af rekstraráhættu fjármála-
fyrirtækisins.
- c. þurfa kerfi að vera til staðar sem skila upplýsingum til viðeigandi ábyrgðaraðila innan
stofnunarinnar. Einnig þurfa að vera til staðar ferlar til að bregðast við þeim upp-
lýsingum.

46. gr.

Þróuð mæliaðferð (Advanced Measurement Approach).

Fjármálaeftirlitið getur veitt leyfi til að nota þróaðar mæliaðferðir sem byggja á
áhættumatskerfum fjármálafyrirtækis. Leyfið er þá veitt gagnert til að nota eigin líkön til að
reikna eiginfjárröfu vegna rekstraráhættu. Fjármálafyrirtæki þurfa þá að uppfylla þau skilyrði
sem tilgreind eru í 3. hluta viðauka X skv. 55. gr. A. Séu þróaðar mæliaðferðir notaðar fyrir
samstædur með starfsemi yfir landamæri innan EES skulu eftirlitsaðilar viðkomandi ríkja hafa
með sér samstarf um veitingu leyfis og eftirlit.

Séu þróaðar mæliaðferðir notaðar á samstæðugrundvelli getur Fjármálaeftirlitið metið
hvort fjármálafyrirtæki uppfylli skilyrði 3. hluta viðauka X skv. 55. gr. A á þeim sama grund-
velli.

X. KAFLI

Eiginfjárfrafa vegna umframáhættu stórra áhættuskuldbindinga.

47. gr.

Þeim fyrirtækjum sem fengið hafa til þess skriflegt leyfi Fjármálaeftirlitsins er heimilt að fara yfir þau mörk sem tilgreind eru í reglugerð um hámark lána og ábyrgða fjármála-fyrirtækja, enda sé umframáhættan í samræmi við ákvæði þessa kafla.

Sá hluti áhættuskuldbindinga einstaks viðskiptavinar ásamt fjárhagslega tengdum aðilum, sem er umfram 25% af eigin fé fyrirtækisins og sem er tilkominn vegna heimildarákvæðis þessara reglna nefnist umframáhætta í eftirfarandi greinum.

Forsendur fyrir umframáhættu fyrirtækis eru eftirfarandi:

1. Sá hluti áhættuskuldbindinga viðskiptavinar sem er umfram viðmiðunarmörkin sé áhættuskuldbinding í veltubók.
2. Fyrirtækið uppfylli viðbótareiginfjárkröfu sem hlýst af umframáhættu stórra áhættuskuldbindinga.

48. gr.

Eiginfjárfrafa vegna umframáhættu einstaks viðskiptavinar eða fjárhagslega tengdra aðila skal fundin út með því að bæta við áhættugrunn fyrirtækis fjárhæð sem reiknuð er út í samræmi við ákvæði 49. gr. og 50. gr.

Eiginfjárfrafa vegna umframáhættu skal koma til viðbótar eiginfjárkröfu sem reiknuð er vegna sömu liða samkvæmt ákvæðum annarra kafla þessara reglna.

Við mat á áhættuskuldbindingum einstaks viðskiptavinar eða fjárhagslega tengdra aðila skal miða við heildaráhættuskuldbindingu í hlutfalli af eiginfjárþætti A og B. Við útreikning á eiginfjárkröfu fyrirtækis vegna þess hluta áhættuskuldbindingar sem telst vera umframáhætta er heimilt að taka tillit til þess hluta eigin fjár fyrirtækis sem telst til eiginfjárþáttar C.

49. gr.

Áhættugrunnur umframáhættu sem varað hefur 10 daga eða skemur skal reiknast út með því að margfalda áhættugrunn vegna sérstakrar stöðuáhættu viðkomandi veltubókarliðar, sbr. ákvæði 5. kafla, og/eða áhættugrunn vegna uppgjör- og mótaðilaáhættu, sbr. ákvæði 6. kafla, með stuðlinum 2,00.

Ekki skal taka tillit til almennrar stöðuáhættu liða í veltubók við útreikning á áhættugrunni vegna umframáhættu stórra áhættuskuldbindinga.

50. gr.

Hafi umframáhættan varað lengur en 10 daga skal, áður en frekari útreikningur á sér stað, flokka umframáhættur með hliðsjón af vægi einstakra liða við útreikning á áhættugrunni fyrirtækis. Með vægi liða í þessu samhengi er átt við vægi einstakra liða í áhættugrunni vegna sömu áhættuþátta og vitnað er til í 40. gr. Sá hluti umframáhættu sem hefur mest vægi skal koma síðast í áframhaldandi útreikningum.

Áhættugrunnur umframáhættu sem hefur varað lengur en 10 daga skal síðan reiknaður út með því að margfalda áhættugrunn vegna sérstakrar stöðuáhættu veltubókarliðar, sbr. ákvæði 5. kafla, og/eða áhættugrunn vegna uppgjör- og mótaðilaáhættu, sbr. ákvæði 6. kafla, með viðeigandi stuðli samkvæmt eftirfarandi töflu.

<i>Áhættuskuldbindingar umfram 25% af eigin fé (A+B+C).</i>	<i>Stuðull</i>
Allt að 40%, þ.e. 25%-40%	2,00
Umframáhætta 40%-60%	3,00
Umframáhætta 60%-80%	4,00
Umframáhætta 80%-100%	5,00
Umframáhætta 100%-250%	6,00
Yfir 250%	9,00

Hafi umframáhætta vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila varað 10 daga eða skemur, má umframáhætta fyrirtækis vegna þess viðskiptamanns eða fjárhagslega tengdra aðila eigi fara yfir 500% af þeim hluta eigin fjár fyrirtækis sem telst til eiginfjárþátta A, B og C.

Hafi umframáhættan varað lengur en 10 daga má umframáhætta vegna einstaks viðskiptamanns eða fjárhagslega tengdra aðila eigi fara yfir 600% af þeim hluta eigin fjár fyrirtækis sem telst til eiginfjárþátta A, B og C.

Fyrirtæki skulu þriðja hvern mánuð tilkynna Fjármálaeftirlitinu öll tilvik þar sem um umframáhættu hefur verið að ræða á næstliðnum þremur mánuðum. Tilgreina skal nafn viðkomandi viðskiptamanns og fjárhæð umframáhættu.

XI. KAFLI

Eftirlit og upplýsingagjöf.

51. gr.

Innra eftirlit.

Fjármálafyrirtæki skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína. Hjá fjármálafyrirtæki skulu vera til staðar fullnægjandi og skjalfestir innri ferlar til að meta nauðsynlega stærð, samsetningu og innri dreifingu eiginfjárgrunns með hliðsjón af þeirri áhættu sem starfsemin felur í sér hverju sinni. Innri ferlarnir skulu endurmetnir reglulega til að tryggja að þeir séu fullnægjandi með hliðsjón af eðli, umfangi og margbreytileika starfseminnar.

52. gr.

Eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið kannar það fyrirkomulag og aðferðir, ásamt búnaði og framkvæmd, sem fjármálafyrirtæki notar til að fylgja reglum þessum og beitir í því sambandi tæknilegum viðmiðum sem tilgreind eru í viðauka XI skv. 55. gr. A. Fjármálaeftirlitið leggur jafnframt mat á þær áhættur sem felast í starfsemi fjármálafyrirtækis.

Fjármálaeftirlitið metur hvort þær ráðstafanir sem fjármálafyrirtæki grípur til séu nægjanlegar, hvort stjórnun sé traust og hvort eiginfjárgrunnur sé fullnægjandi með hliðsjón af áhættum sem felast í starfseminni.

Fjármálaeftirlitið ákveður tíðni og umfang skoðana og mats með tilliti til stærðar fjármálafyrirtækja, hvort þau séu kerfislega mikilvæg, eðlis, umfangs og margbreytileika í starfsemi þeirra. Matið skal endurskoðað að minnsta kosti árlega.

Fjármálaeftirlitið kannar áhrif fastvaxtaáhættu vegna liða utan veltubókar og þarf fjármálafyrirtæki að grípa til ráðstafana ef skyndileg breyting á vöxtum, sem nemur 200 punktum, hefur þau áhrif að eiginfjárgrunnur þess rýrnar um meira en 20%.

53. gr.

Upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja.

Fjármálafyrirtækjum ber að birta opinberlega þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 2. og 3. hluta viðauka XII skv. 55. gr. A. Heimilt er að undanskilja upplýsingar sem ekki eru taldar mikilvægar skv. 1. mgr. 1. hluta sama viðauka. Einnig er heimilt að undanskilja upplýsingar sem geta talist trúnaðarupplýsingar skv. 2. og 3. mgr. 1. hluta ofangreinds viðauka. Fjármálafyrirtækjum ber þó að upplýsa hvort viðkomandi upplýsingar hafi verið birtar og ástæður ef svo er ekki.

Fjármálafyrirtækjum ber að marka stefnu varðandi upplýsingagjöf, þ.e. mat á viðeigandi upplýsingum og hversu oft þær eru birtar.

XIII. KAFLI

Samstæðuuppgjör.

54. gr.

Ákvæði þessara reglna skulu einnig ná til samstæðu þeirra fyrirtækja sem talin eru upp í 1. gr. þessara reglna.

Við útreikning á eiginfjárgrunni samstæðu er heimilt að jafna stöðu í skuldaskjölum, hlutabréfum og hrávörum við mat á stöðuáhættu í veltubók sbr. IV. kafla, milli fyrirtækja innan samstæðunnar. Sama á við um stöður í gjaldmiðlum og gulli við mat á gjaldeyrisáhættu.

Við útreikning á eiginfjárgrunni þess hluta samstæðu sem er utan Íslands, en innan EES, gilda reglur gistiríkis (*e. bottom up approach*).

XIV. KAFLI

Tilvísun til viðauka tilskipana ESB.

55. gr.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 170/2006 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, vísar Fjármálaeftirlitið til enskrar útgáfu í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins á eftirfarandi viðaukum í tilskipun 2006/48/EB um stofnun og rekstur lánastofnana:

http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/oj/2006/l_177/l_17720060630en00010200.pdf

og tilskipun 2006/49/EB um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana:

http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/oj/2006/l_177/l_17720060630en02010255.pdf

A.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana (endursamið) (*e. Directive 2006/48/EC of the European Parliament and of the Council of 14 June 2006 relating the taking up and pursuit of the business of credit institutions (recast), OJ L 177, 30.6.2006, p.1*):

VIÐAUKI III – Meðhöndlun mótaðilaáhættu vegna afleiðusamninga, endurkaupa-samninga, verðbréfa- eða hrávörulánveitinga/lántöku, langra samninga með afhendingu og viðbótarlánveitinga vegna kaupa/sölu verðbréfa (*e. ANNEX III - The treatment of counterparty credit risk of derivative instruments, repurchase transactions, securities or commodities lending or borrowing transactions, long settlement transactions and margin lending transactions*)

VIÐAUKI V – Tæknileg viðmið vegna fyrirkomulags og meðferðar áhættu (*e. ANNEX V - Technical criteria concerning the organisation and treatment of risks*)

VIÐAUKI VII – Innramatsaðferð (*e. ANNEX VII - Internal ratings based approach*)

- VIÐAUKI VIII – Mildun útlánaáhættu (*e. ANNEX VIII - Credit risk mitigation*)
 VIÐAUKI IX – Verðbréfun (*e. ANNEX IX – Securitisation*)
 VIÐAUKI X – Rekstraráhætta (*e. ANNEX X – Operational risk*)
 VIÐAUKI XI – Tæknileg viðmið vegna könnunar og mats þar til bærra yfirvalda (*e. ANNEX XI – Technical criteria on review and evaluation by the competent authorities*)
 VIÐAUKI XII – Tæknileg viðmið vegna upplýsingagjafar (*e. ANNEX XII - Technical criteria on disclosure*).

B.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB frá 14. júní 2006 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana (endursamið) (*e. Directive 2006/49/EC of the European Parliament and of the Council of 14 June 2006 on the capital adequacy of investment firms and credit institutions (recast), OJ L 177, 30.6.2006, p. 201*):

VIÐAUKI I – Útreikningur eiginfjárkröfu vegna stöðuáhættu (*e. ANNEX I - Calculating capital requirements for position risk*)

VIÐAUKI II – Útreikningur eiginfjárkröfu vegna uppgjör- og mótaðilaáhættu (*e. ANNEX II - Calculating capital requirements for settlement and counterparty credit risk*)

VIÐAUKI III – Útreikningur eiginfjárkröfu vegna gjaldeyrisáhættu (*e. ANNEX III - Calculating capital requirements for foreign-exchange risk*)

VIÐAUKI IV – Útreikningur eiginfjárkröfu vegna hrávöruáhættu (*e. ANNEX IV - Calculating capital requirements for commodities risk*)

VIÐAUKI V – Notkun eigin líkana við útreikning eiginfjárkröfu (*e. ANNEX V - Use of internal models to calculate capital requirements*)

VIÐAUKI VI, 2. hluti – Viðurkenning matsfyrirtækja og vörpun á lánshæfismati þeirra (*e. ANNEX VI, Part 2 – Recognition of ECAIs and mapping of their credit assessments*)

VIÐAUKI VII – Veltuviðskipti (*e. ANNEX VII – Trading*).

XV. KAFLI

Gildistökuákvæði.

56. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 3. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármála-fyrirtæki, með síðari breytingum og taka gildi þegar í stað. Jafnframt falla þá úr gildi reglur nr. 530/2003, um eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja. Reglur nr. 530/2003 halda þó gildi sínu gagnvart þeim fjármálafyrirtækjum sem bráðabirgðaákvæði nr. I og II í lögum nr. 170/2006, eiga við um á því tímabili sem þar er tilgreint.

Fjármálaeftirlitinu, 2. mars 2007.

Jónas Friðrik Jónsson.

Ragnar Hafliðason.

VIDAUKI 1
Vörpun lánsþæfismats.

Staðalaðferð: Vörpun lánsþæfismats viðurkenndra matsfyrirtækja í þrep útlánagæða (e. Mapping of ECAIs' credit assessments to credit quality steps)

Vörpun mats á langtímakröfur.

Þrep útlánagæða	Mat Fitch	Mat Moody's	Mat S&P	Fyrirtæki (e. Corporate)	Stofnanir (þ.m.t. bankar)			Ríki (e. Sovereign)
					Ríkja- aðferð (e. Sovereign method)	Aðferð lánsþæfismats (e. Credit Assessment)		
						Lánstími > 3 mánuðir	Lánstími < 3 mánuðir	
1	AAA til AA-	Aaa til Aa3	AAA til AA-	20%	20%	20%	20%	0%
2	A+ til A-	A1 til A3	A+ til A-	50%	50%	50%	20%	20%
3	BBB+ til BBB-	Baa1 til Baa3	BBB+ til BBB-	100%	100%	50%	20%	50%
4	BB+ til BB-	Ba1 til Ba3	BB+ til BB-	100%	100%	100%	50%	100%
5	B+ til B-	B1 til B3	B+ til B-	150%	100%	100%	50%	100%
6	CCC+ og þar fyrir neðan	Caal og þar fyrir neðan	CCC+ og þar fyrir neðan	150%	150%	150%	150%	150%

Vörpun mats á skammtímakröfur.

Þrep útlánagæða	Fitch	Moody's	S&P	Áhættuvogir
1	F1+, F1	P-1	A-1+, A-1	20%
2	F2	P-2	A-2	50%
3	F3	P-3	A-3	100%
4	Lægra en F3	NP	B-1, B-2, B-3, C	150%
5				150%
6				150%

Verðbréfun:

Vörpun mats á langtímakröfur: Staðalaðferð.

Þrep útlánagæða	Fitch	Moody's	S&P	Áhættuvogir
1	AAA til AA-	Aaa til Aa3	AAA til AA-	20%
2	A+ til A-	A1 til A3	A+ til A-	50%
3	BBB+ til BBB-	Baa1 til Baa3	BBB+ til BBB-	100%
4	BB+ til BB-	Ba1 til Ba3	BB+ til BB-	350%
5	B+ og þar fyrir neðan	B1 og þar fyrir neðan	B+ og þar fyrir neðan	1250%

Vörpun mats á langtímakröfur: Innramatsaðferð.

Þrep útlánagæða	Lánshæfismat			Áhættuvogir		
	Fitch	Moody's	S&P	Helsta for-gangslag (e. <i>Most senior tranche</i>)	Grunnur (e. <i>Base</i>)	Ólagskipt safn (e. <i>Non-granular pool</i>)
1	AAA	Aaa	AAA	7%	12%	20%
2	AA	Aa	AA	8%	15%	25%
3	A+	A1	A+	10%	18%	35%
4	A	A2	A	12%	20%	35%
5	A-	A3	A-	20%	35%	35%
6	BBB+	Baa1	BBB+	35%	50%	50%
7	BBB	Baa2	BBB	60%	75%	75%
8	BBB-	Baa3	BBB-	100%	100%	100%
9	BB+	Ba1	BB+	250%	250%	250%
10	BB	Ba2	BB	425%	425%	425%
11	BB-	Ba3	BB-	650%	650%	650%
Lægra en 11	Lægra en BB-	Lægra en Ba3	Lægra en BB-	1250%	1250%	1250%

Vörpun mats á skammtímakröfur: Staðalaðferð.

Þrep útlánagæða	Fitch	Moody's	S&P	Áhættuvogir
1	F1+, F1	P-1	A-1+, A-1	20%
2	F2	P-2	A-2	50%
3	F3	P-3	A-3	100%
Allt annað lánshæfismat	Lægra en F3	NP	Allt skammtíamat lægra en A-3	1250%

Vörpun mats á skammtímakröfur: Innramatsaðferð.

Þrep útlána-gæða	Lánshæfismat			Áhættuvogir		
	Fitch	Moody's	S&P	Helsta for-gangslag (e. <i>Most senior tranche</i>)	Grunnur (e. <i>Base</i>)	Ólagskipt safn (e. <i>Non-granular pool</i>)
1	F1+, F1	P-1	A-1+, A-1	7%	12%	20%
2	F2	P-2	A-2	12%	20%	35%
3	F3	P-3	A-3	60%	75%	75%
4	Lægra en F3	Allt skammtíamat lægra en A3, P3, og F3	Allt skammtíamat lægra en A3	1250%	1250%	1250%

Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu (CIUs).

Vörpun mats fyrir sjóði um sameiginlega fjárfestingu er hið sama og vörpun grundvallar langtíamats (e. *long-term fundamental credit ratings*). Fitch og Moody's nota sama kvarða fyrir grundvallar lánshæfismat og mat á stýrðum sjóðum meðan S&P notar lítills háttar mismunandi kvarða fyrir grundvallar lánshæfismat og mat á sjóðum. Fjöldi matskvarða eru hinir sömu í báðum tilvikum.

Prep útlána- gæða	Fitch	Moody's	S&P Principal stability fund ratings	S&P Fund credit quality ratings	Áhættuvogir
1	AAA til AA-	Aaa til Aa3	AAA (m) til AA-(m)	AAA (f) til AA-(f)	20%
2	A+ til A-	A1 til A3	A+(m) til A-(m)	A+(f) til A-(f)	50%
3	BBB+ til BBB-	Baa1 til Baa3	BBB+(m) til BBB-(m)	BBB+(f) til BBB-(f)	100%
4	BB+ til BB-	Ba1 til Ba3	BB+(m) til BB-(m)	BB+(f) til BB-(f)	100%
5	B+ til B-	B1 til B3	B+(m) til B-	B+(f) til B-	150%
6	CCC+ og þar fyrir neðan	Caa1 og þar fyrir neðan	CCC+ og þar fyrir neðan	CCC+ og þar fyrir	neðan 150%

B-deild – Útgáfud.: 20. mars 2007